# Fornleifaskráning

# Sandgerði
# og
# Býjasker að hluta

***Bráðabirgðaskýrsla***



**2004 Katrín Gunnarsdóttir**
**fornleifafræðingur MA**

# Efnisyfirlit

Inngangur ..... 4
Tilgangur fornleifaskráninga ..... 4
Fornleifaskráning og aðferðir ..... 5
Aðferð við skráningu ..... 5
Jarðanúmer ..... 5
Tegund, hlutverk og heiti ..... 6
Lega ..... 6
Staðhættir og lýsing ..... 6
Hættumat ..... 6
Heimildir ..... 6
Saga jarðanna og fornleifar ..... 7
Sandgerði ..... 8
Inngangur ..... 8
Sandgerði - 181043-60 ..... 9
Saga Sandgerðis ..... 9
Náttúrufar og jarðabætur ..... 9
Fornleifaskráning ..... 10
Sandgerði ásamt hjáleigum ..... 10
Sérheiti: Sandgerði ..... 10
Sérheiti: Bakkakot ..... 11
Sérheiti: Krókskot ..... 12
Sérheiti: Landakot ..... 15
Sérheiti: Tjarnarkot ..... 16
Sérheiti: Harðhaus ..... 18
Sérheiti: Gata ..... 18
Sérheiti: Stöðulkot ..... 19
Sérheiti: Bakkabúð ..... 20
Sérheiti: Helgakot ..... 20
Sandgerði, kaupstaður. ..... 21
Niðurstöður Sandgerði ..... 52
Heimildaskrá Sandgerðis ..... 54
Prentaðar heimildir ..... 54
Óprentaðar heimildir ..... 54
Heimildarmenn við fornleifaskráninguna í Sandgerði. ..... 54
Býjasker - 181050-55 ..... 55
Inngangur ..... 55
Saga Býjaskers. ..... 55
Fornleifaskráning fyrir Býjasker að hluta ..... 57
Sérheiti: Býjasker ..... 58
Sérheiti: Bárugerði ..... 65
Heimildaskrá: Vettvangskönnun 16/32004 ..... 72
Niðurstöður ..... 73
Heimildaskrá Býjaskers ..... 74
Prentaðar heimildir ..... 74
Heimildarmenn við fornleifaskráningu Býjaskers ..... 74
Fylgiskjöl fyrir Sandgerði ..... 75

Fornleifalisti fyrir Sandgerði........75
Ljósmyndaskrá........76
Teikningaskrá........76
Fylgiskjöl fyrir Býjasker........77
Fornleifalisti fyrir Býjasker........77
Ljósmyndaskrá........77
Teikningaskrá........77
Kortaskrá........78

*Kápumynd. Horft í suður eftir heimreiðinni að Efra-Sandgerði. Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*

# INNGANGUR

## Tilgangur fornleifaskráninga

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> [...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
>
> a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
> c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
> d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
> e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
> f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
> i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
>
> Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

*Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins fornleifanefndar komi til". Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).*

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

*Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Getur Fornleifavernd ef svo ber undir krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).*

## Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í sameiginlegan gagnagrunn minjavörslunnar, Sarp.

Í fornaleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.[1]

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á.

Minjar eru færðar inn á loftmynd frá Ísgraf.

## Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránni er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

### Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með upphafsstaf eða -stöfum heitis jarðarinnar og tveimur númerum, í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Sandgerði 181043 og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens, 60 í nefndu tilviki. Þar að auki eru fornleifunum gefin raðnúmer innan hverrar jarðar;

---

[1] J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

bæjarstæði Sandgerðis væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Sandgerði - 181043 60 -1. Það sama gildir fyrir Býjasker, en þar er landsnúmer Fasteignamats ríkisins 181050, og númer jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens er 55, þá verður fyrsta númerið fyrir Býjasker 181050 55 - 1.

## Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild" sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

*Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Jórvíkurstekkur eða Efrahús, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.*

## Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána.

***Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi kort frá Loftmyndum ehf.***

## Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

## Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta sem fyrr segir leynst undir sverðinum.

## Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um hverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki

neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

## Saga jarðanna og fornleifar

Í eftirfarandi kafla er stiklað á sögu Sandgerðis og samsvarandi kafli er fyrir Býjasker. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

# SANDGERÐI

## Inngangur

Forleifaskráning var gerð í Sandgerði vegna aðalskipulags- og deiliskipulagsvinnu.
Fornleifaskráningin var unnin í janúar til apríl 2004.
Fornleifaskráning í Sandgerði er samstarfsverkefni Þjóðminjasafns Íslands, Fornleifaverndar ríkisins, Sandgerðisbæjar og Byggðastofnunnar sem styrkti verkefnið.
Ekki hefur áður farið fram fornleifaskráning á skráningarsvæðinu.
Fornleifaskráning á vettvangi og skráning í Sarp, sem er gagnagrunnur minjavörslu Fornleifaverndar ríkisins, var gerð af Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðingi, fil mag.

Vettvangsskráning fór fram dagana 25/2, 16/3, 17/3 og 23 /3, 2004.
Skráðar voru 51 fornminjar, í landi Sandgerðis númeraðar frá 1-51. Teknar voru myndir og teiknaðir uppdrættir af þeim fornminjum sem fundust á skráningarsvæðinu og þær staðsettar með GPS-hnitum.

Halldóra Ingibjörnsdóttir á Flankastöðum veitti leiðsögn um svæðið, svo og Reynir Sveinsson, Fræðasetri Sandgerðis, og byggingafulltrúi Sandgerðis Guðfinnur G. Þórðarson. Er þeim öllum þökkuð veitt aðstoð.

Skráningin takmarkast til norðurs af norðurhluta Sandgerðistjarnar sem liggur að landamerkjum Flankastaða í línu frá sjó; til austurs af austurmörkum nýskipulagðs íbúðarhverfis Lækjarmóta austan Heiðarbrautar; til suðurs af Sandgerðisvegi og eftir Stafnesvegi með húsum og lóðum sem standa austan við hans að Býjaskersvegi og áfram af vegarslóða sem liggur austur-vestur að bæjarstæði Býjaskers; og til vesturs af hafnarsvæðinu og strandlengjunni,

Sandgerðisvegur (vegur 429) liggur um sunnanvert svæðið. Þar er að rísa ný íbúðarbyggð. Á svæðinu er einnig að rísa nýr miðbæjarkjarni.

Skýrslan greinir frá athugunum og, upplýsingum um hvern stað, hættumati og hættuorsök þar sem við á. Í niðurstöðum er greint frá hvar sérstaklega þarf að hafa gát á ef verklegar framkvæmdir verða á viðkomandi svæðum.

# Sandgerði - 181043-60

**Saga Sandgerðis**
Landnáms Sandgerðis er ekki getið í Landnámu, en þar er sagt að Ingólfur hafi gefið frændkonu sinni, Steinurði hinni gömlu, Rosmhvalnes allt að Hvassahrauni.[2]

Sandgerðis er getið í Fornbréfasafni frá 1270, en þar er skrá um rekaskipti og greint frá rekahlut Sandgerðis ásamt 16 annarra bæja. Frá sama ári er önnur skrá um skiptingu hvalreka milli fimm bæja, þar á meðal Sandgerðis. [3]

Jarðamat frá 1703, segir að Sandgerði sé talið 60 hundruð að dýrleika, eigandi jarðarinnar sé Vilhjálmur Jónsson lögréttumaður og býr hann þar sjálfur. Hjáleigur frá Sandgerði, eru Bakkakot, Krókskot, Landakot, Tjarnarkot, Hardhaus, Gata, Stöðulkot sem er byggt fyrir einu ári, Backabúð sem hefur verið 10 ár í eyði og Helgakot sem hefur verið í eyði í 30 ár.[4]

Jarðatal frá 1847 segir jörðina vera í bændaeign, ábúendur tveir og eigendur einnig tveir. Dýrleiki sé 60 hundruð og hjáleigur séu sjö, Bakkakot, Krókskot, Landakot, Stöðulkot,Tjarnarkot og Gata.
Á túnakorti frá 1919, er uppdráttur af Sandgerði ásamt hjáleigunumTjarnarkoti, Landakoti, Krókskoti, þurrabýlunum Stöðulkoti, Litla Stöðulkoti og Fagurhól. Á túnakortinu er Sandgerðistún sagt vera 7,2 teigar, og kálgarður 2300 $m^2$. [5]

Markalína fyrir Sandgerði er yst á merkjum á móti Bæjarskerjum á svæði sem heitir Lönd. Í sandinum í fjöru er Sandgerðismerkjasker, og svo er lína upp til heiðarinnar í Sjónarhól og þaðan í stefnu í Kolku á Háaleiti sem komin er undir flugvöllinn. Norðaustur af Digruvörðu í innsiglingarmerki er smáhóll sem heitir Steinbítshóll. Neðri hluti landanna var að eyðast af sjávargangi og uppblæstri, en er nú að gróa upp. Vegurinn upp á Miðnes liggur um löndin. Þau ná inn að götu sem er nokkuð suður af Krókskoti inni í þorpinu Sandgerði. Sandgerði á upp í Þrívörður sem er á hreppamerkjum.[6]

**Náttúrufar og jarðabætur**
Talið er að Sandgerði hafi kallast Sáðgerði áður fyrr, og er þá vísað í mikla akra eða tún sem enn sjást merki um, svo og áveituskurði. Í munnmælum er sagt að Gullbringa sú sem sýslan er kennd við, hafi haft akra sína í Sáðgerði, og að hún hafi gefið þræli sínum Uppsa sem hann síðan kallaði Uppsali, sem er ekki langt frá Sáðgerði. [7]

Á Reykjanesi og í sjónum í kring hafa eldsumbrot verið tíð í gegnum tíðina,allt frá árinu um 1000.[8]

---

2 *Landnáma 1. bindi*, síðari hluti. 1965, 392.
3 *Íslenzkt Fornbréfasafn* II, frá 1253- 1350, 76-79.
4 Árni Magnússon og Páll Vidalín. 1703, 58-62.
5 *Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands 1919.
6 Ari Gíslason. 1951-1958.
7 Magnús Grímsson. 1936-40, II 248-249
8 Gunnar M. Magnúss. 1963, 9-10, 248-249.

# FORNLEIFASKRÁNING

## Sandgerði ásamt hjáleigum

### Sandgerði 181043 60 - 1

**Sérheiti:** Sandgerði
**Hlutverk**: Bústaður
**Tegund**: Heimild
**Staðsetning**: N: 64, 2, 30,3000 (-64,04175000) V: 22, 42, 33,8000 (-22,70938889)
**Horfin**: Já
**Hættumat**: Enginn hætta.
**Staðhættir**
Næsti bær fyrir sunnan Flankastaði er Sandgerði. Um þá jörð segir í sóknarlýsingu séra Sigurðar Sívertsen árið 1839 að hún sé mikil jörð og falleg, metin 60 hundruð með 6 hjáleigum, tún slétt og grasgefin í góðri rækt (Árbók FÍ, 1984).
Á staðnum stendur nú húsið sem er Tjarnarbraut 11, og fleiri byggingar.
**Lýsing**
Samkvæmt túnakorti frá 1919 er túnið við Sandgerði sagt 7.2 teigar og kálgarðar eru 2300 $m^2$.
**Aðrar upplýsingar**
Í Fornbréfasafninu er skrá um rekaskipti á Rosmahvalnesi, frá um árinu 1270, í skránni eru talin upp réttindi eftirtalinna bæja:
Útskála, Gufuskála, Miðhúsa , Meiðastaða, Bjarnastaða, Kolbeinsstaða, Kirkjubóls, Þóroddsstaða, Flankastaða, **Sandgerðis,** Presthúsa, Bæjarskerja, Fuglavíkur, Króks, Vara, Skeggjastaða og Gauksstaða.
Önnur skrá frá árinu um 1270 er um hvalreka, og skiptingu hans. Þar segir eftir upptalningu af fimm jörðum sem hafa fengið hver sinn hluta, og síðan hvað komi í hlut Sandgerðis:

> Hinn sjötta hluta fær Flankastaðir og **Sandgerði** eiga þar af. Útskálar hinu sjötta hverja vætt, en hin löndin hálft hvort við annað.

Í jarðabók frá 1703. Segir svo um Sandgerði:

> Jarðadýrleiki er 60 af hundraði og segja menn að fyrrum hafi Uppsalir tilheyrt jörðinni og sé þangað til lagðir þrír fjórðungar jarðarinnar, en Uppsalir hafi einn fjórðung af dýrleikanum. Eigandi jarðarinnar Vilhjálmur Jónsson lögréttumaður. Ábúandinn er eigandi sjálfur.
> Landskuld þrír af hundraði síðast er byggð var.
> Greiðist með 18 vættum fiska í kaupstað eða heima á jörðinni, eða stundum með peningum uppá danskan taxta.
> Leigukúgildi á meðan jörðin var byggð leiguliðum fimm af málmyntu og hestur hið sjötta.
> Kvikfénaður sjö kýr, ein kvíga tvævetur, ein kvíga veturgömul, einn kálfur, 16 ær, 12 sauðir veturgamlir, og tveir tvævetur, lömb 10, tveir hestar.
> Fóðrast geta fjórar kýr, eitt úngneyti.
> Heimilsmenn sjö.
> Torfrista og stúnga engin nema í sendinni jörð.
> Lyngrif nokkuð lítið.

Eldiviðartak af fjöruþángi bæði lítið og erfitt.
Sölvatekja fyrir heimamenn.
Grasatekja nærri því engin.
Eggjataka nokkur af kríu, en hefur verið betri.
Rekavon nokkur.
Heimræði er árið um kring og ganga skip ábúandans eftir hentugleikum, áður hafa hér stundum gengið inntökuskip fyrir undirgift sem ábúandinn eignaðist, mætti enn vera ef fiskirí ykist.
Lending er góð.
Sjór og sandur brjóta nokkuð á túnin, þó ekki til stórmeina ennþá.
Vatnsból sæmileg en bregst þó, en það mjög sjaldan.

Jarðatal Johnsens frá 1847:

Sandgerði, er í bændaeign og dýrleiki sé 60, landskuld 2.0, kúgildi 2 ábúendur 2 eigendur. Jörðin hafi 6 hjáleigur.
Í skýringum segir í Jarðatali:

Að prestur en eigi sýslumaður, nefnir hjáleigurnar svo og A. M. (með hér greindum leigumála ) og jarðabók 1803, nema Götu, sem þó eftir prestsskýrslum virðist byggt býli.

Í Landnámi Ingólfs segir Sigurðar B. Sívertssen 1839:

Fyrrum höfðu Sandgerðistún verið sáðgerði sem enn má sjá vott til, þá hafi það heitið og þar á eftir Sáðgerði.

**Heimildaskrá**

Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók*. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn. 1923-1924,
58-59.
Gísli Brynjólfsson, séra. Reykjanesskagi vestan Selvogsgötu. Byggðir Suðurnesja eftir séra Gísla Brynjólfsson. Sandgerði. Árbók Ferðafélags Íslands. 1984, 33.
Íslenzkt Fornbréfasafn II, frá 1253- 1350.Kaupmannahöfn 1893, 76-79.
J. Johnsens *Jarðatal*. Kaupmannahöfn. 1847,87.
Sigurður B. Sívertsen. "Sýslulýsingar og sóknarlýsingar, III b. Lýsing Útskálaprestakalls 1839". *Landnám Ingólfs I-III. Landnám Ingólfs, safn til sögu þess. Ýmsar ritgerðir II. Bindi.* Reykjavík. 1937-1938, 164.
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands 1919.

## Sandgerði 181043 60 - 2

**Sérheiti:** Bakkakot
**Hlutverk**: Hjáleiga
**Tegund**: Heimild
**Staðsetning**: N: 64, 2, 25,8000 (-64,04050000) V: 22, 42, 38,3000 (-22,71063889)
**Horfin**: Já
**Hættumat**: Engin hætta
**Staðhættir**
Bakkakot hefur staðið um það bil þar sem Víkubraut og Strandgata mætast. Á þessu svæði stendur nú hús sem stendur til að rífa.
**Lýsing**
Samkvæmt túnakorti frá 1919 er sagt að rústir Bakkakots hafi eyðst af sandi fyrir nálægt 20 árum.

**Aðrar upplýsingar**
Í Jarðabók frá 1703 er Bakkakot hjáleiga frá Sandgerði.
Jarðardýrleiki er óviss.
Ábúandinn Eyúlfur Magnússon
Landskuld 60 álnir. Greiðist með 3 vættum fiska í kaupstað.
Við til húsabótar leggur heimabóndinn.
Kúgildi 1. Leiga greiðist í fiski eða smjöri heim til eigandans.
Ábúandinn sér um að yngja kúnna.
Kvaðir eru mannlán árið um kring.
Kvikfénaður 1 kýr, 1 hestur.
Tæplega hægt er að fóðra eina kú.
Heimilismenn 3.
Eldiviðartak af fjöruþangi mjög lítið.
Jarðatal Johnsens frá 1847 segir:
Sandgerði, sé í bændaeign sé 60 af dýrleika, landskuld 2.0, kúgildi 2 ábúendur 2 eigendur. Jörðin hafi 6 hjáleigur og er **Bakkakot** ein af þeim, með landskuld 0.60, 1 kúgildi og ábúendur 1 eigandi.
Í skýringum í Jarðatali segir:
að prestur en eigi sýslumaður, nefnir hjáleigurnar svo og A. M. (með hér greindum leigumála ) og jarðabók 1803, nema Götu sem þó eftir prestsskýrslum virðist byggt býli.
Loftur Altice Þorsteinsson og Bjarni Sveinbjörnsson hafa tekið saman upplýsingar í óútgefnu riti sem heitir Útvegsjörðin Krókskot í Miðneshreppi. Þar kemur m.a. fram að Bakkakot hafi lagst af 1880-1890.Var landi jarðarinnar þá skipt milli Sandgerðis, Krókskots og Landakots. Enfremur er leitt líkum að því að Bakkakot hafi staðið á Álfhól, en ekki þar sem það er sagt hafa verið samkvæmt túnakorti.

**Heimildaskrá**

Árni Magnússon og Páll Vidalín. *Jarðabók. Þriðja bindi*. Kaupmannahöfn. 1923-1924, 59-60.
J. Johnsens. *Jarðatal*. Kaupmannahöfn. 1847, 87.
Loftur Altice Þorsteinsson og Bjarni Sveinsbjörnsson. Óútgefið rit: *Útvegsjörðin Krókskot í Miðneshreppi*. 2004
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.


## Sandgerði 181043 60 - 3

**Sérheiti:** Krókskot
**Hlutverk:** Hjáleiga
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** N: 64, 2, 21,4000 (-64,03927778) V: 22, 42, 23,4000 (-22,70650000)
**Horfin:** Já
**Hættumat**: Engin hætta
**Hættuorsök:** Engin
**Staðhættir**
Krókskot hefur staðið þar sem nú stendur húsið Víkurbraut 15.
**Lýsing**

Þarna stendur nú íbúðarhús og útihús. Austan við þær byggingar eru óregluleg garðlög (garðar) sem ætti huga að ef framkvæmdir verða á því svæði.
Samkvæmt túnakorti frá 1919 er túnið 1.2 teigar og kálgarðar 500 $m^2$.

**Aðrar upplýsingar**

Í Jarðabók frá1703 segir að:

> Krókskot er önnur hjáleiga frá Sandgerði.
> Jarðardýrleiki óviss.
> Ábúandinn Jón Indriðason.
> Landskuld 60 álnir. Greiðist með þremur vættum fiska í kaupstað.
> Timbur til húsviðgerða hefur ábúandinn lagt til í fjórtán ár, allt nema fjóra smárafta og nokkra tunnustafi sem Vilhálmur Jónsson hafi lagt til í næstu þrjú ár.
> Leigukúgildi eitt. Leigur greiðist í fiski í kaupstað. Heimabóndinn yngir upp kúnna.
> Kvaðir um mannlán árið um kring.
> Kvikfénaður ein kýr léleg.
> Heimilismenn tveir.
> Eldiviðartak af fjöruþángi mjög lítið.

Jarðatal Johnsens frá 1847 segir að. segir um Sandgerði:

> Er í bændaeign og er 60 af dýrleika, landskuld 2.0, kúgildi tvö. ábúendur tveir eigendur. Jörðin hafi sex hjáleigur og er **Krókskot** ein af þeim, þar er landskuld 0.60, kúgildi eitt, og ábúandi einn leiguliði.
> Í skýringum í Jarðatali segir:
>
> > að prestur en eigi sýslumaður, nefnir hjáleigurnar svo og A. M. (með hér greindum leigumála ) og jarðabók 1803, nema Götu sem þó eftir prestsskýrslum virðist byggt býli.

**Heimildaskrá**


Ari Gíslason. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði. Örnefnastofnun. 1951-1958.

Árni Magnússon og Páll Vidalín. *Jarðabók. Þriðja bindi*. Kaupmannahöfn. 1923-1924,
60-62.

J. Johnsens. *Jarðatal***.** Kaupmannahöfn. 1847, 87.

*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands 1919.


## Sandgerði 181043 60 - 4

**Sérheiti**: Krókskot/Brúnir
**Hlutverk:** Kálgarður
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** N: 64, 2, 21,7000 (-64,03936111) V: 22, 42, 5,5000 (-22,70152778)
**Hættumat**: Lítil hætta.
**Hættuorsök:** Nýbyggingar

**Staðhættir**

Nýibær stóð um 50 metrum norðan við húsið Þórshamar þar sem síðan var löngum einn af kartöflugörðum Krókskots/Brúnir.

**Lýsing**

Þarna er nú tún og hleðslur frá húsinu Nýjabæ, og veggjahleðsla norðan við kringum smá kálgarð.

Kálgarður sagður vera  500 $m^2$ samkvæmt túnakorti frá 1919.
**Aðrar upplýsingar**
Garðbrotið  sem er þarna núna er gæti hafa tilheyrt Nýjabæ þegar hann var í byggð.
**Heimildaskrá**
Berent Magnússon bóndi í Krókskoti, fæddur 1889. *Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði.* Örnefnastofnun. 1996.
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands1919.

## Sandgerði 181043 60 - 5



*Mynd 1. 181043 60 - 5. Horft í suður yfir brunnstæðið.*

**Sérheiti:** Krókskot
**Hlutverk:** Brunnur
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning;** N: 64,02.391     V: 22,42,278
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök**: Nýbygging, Ábúð
**Staðhættir**
Í landi Krókskots í miðju túni milli Víkurbrautar og Hlíðargötu.
**Lýsing**
Brunnurinn er á smá hóll í túninu, steypt  hefur verið  í kringum brunninn.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands.1919.

## Sandgerði 181043 60 - 6

**Sérheiti:** Krókskot.

**Hlutverk:** Hleðsla.
**Tegund:** Garðlag.
**Staðsetning:** N: 64, 2, 21,7000 (-64,03936111) V: 22, 42, 5,5000 (-22,70152778)
**Hættumat:** Mikil hætta.
**Hættuorsök:** Nýbygging
**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti frá 1919 er garðurinn í suðaustur frá Krókskoti.
**Lýsing**
Það sér móta fyrir garði sem liggur austur-vestur, suðaustan við húsið við Víkurbraut 15 norður af Kumblhól.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.

## Sandgerði 181043 60 - 7

**Sérheiti:** Landakot
**Hlutverk:** Hjáleiga
**Tegund:** Heimild um hjáleigu
**Staðsetning:** N: 64, 2, 25,4000 (-64,04038889) V: 22, 42, 17,8000 (-22,70494444)
**Horfin:** Já
**Hættumat:** Engin hætta
**Staðhættir**
Landakot hefur staðið þar sem nú stendur fiskverkunarhús áður rækjuverksmiðja.
**Lýsing**
Samkvæmt túnakorti frá 1919 er stærð túnsins 1.5 teigur, og kálgarðar 500 $m^2$.
**Aðrar upplýsingar**
Jarðabók frá 1703 segir:

> Landkot (Landakot) er þriðja hjáleiga við Sandgerði.
> Jarðadýrleiki óviss.
> Ábúandinn Þórður Þórarinsson.
> Landskuld 60 álnir. Greiðist með þremur vættum fiska í kaupstað eða til heimabóndans.
> Timbur til húsaviðgerða segist hjáleigumaðurinn hafa til lagt með styrk heimabóndans.
> Leigukúgildi tvö. Leigur greiðist í fiski eða smjöri til heimabóndans.
> Kúgildið uppyngir heimabóndinn.
> Kvaðir um mannlán árið um kring.
> Kvikfénaður tvær kýr, tvö hross.
> Hægt er að fóðra ein kýr og einn vetrungur naumlega.
> Heimamenn fimm.
> Eldiviðartak í fjörunni mjög lítið, og ef að þarf meira verður húsmaðurinn að fá það annarsstaðar.
> Sölvatekja og önnur hlunnindi fjörunnar þar fyrir utan hefur hann óskömtuð.

Jarðatal Johnsens frá 1847 segir að:

> Sandgerði, sé í bændaeign sé 60 af dýrleika,
> landskuld 2.0, kúgildi sex, ábúendur tveir eigendur. Jörðin hafi sex hjáleigur og er Landakot ein af þeim, þar er landskuld 0.60, kúgildi tvö, ábúendur einn leiguliði.
> Í skýringum í Jarðatali segir:

að prestur en eigi sýslumaður, nefnir hjáleigurnar svo og A. M. (með hér greindum leigumála ) og jarðabók 1803, nema Götu sem þó eftir prestsskýrslum virðist byggt býli.

**Heimildaskrá**

Ari Gíslason. *Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði.* Örnefnastofnun. 1951-1958.
Árni Magnússon og Páll Vidalín: *Jarðabók*. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn 1923-1924, 60.
J. Johnsens: *Jarðatal*. Kaupmannahöfn. 1847, 87.
Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands1919.

## Sandgerði 181043 60 - 8

**Sérheiti:** Landakot
**Hlutverk:** Kálgarður
**Tegund:** Mannvirki
**Staðsetning:** N: 64, 2, 25,4000 (-64,04038889) V: 22, 42, 17,8000 (-22,70494444)
**Þvermál:** 0.50 m
**Hleðsluhæð:** 0.80 m
**Lengd:** 15 m
**Breidd**: 5 m
**Hættumat:** Lítil hætta
**Hættuorsök:** Nýbyggingar
**Staðhættir**
Þessi garður er vestan við Landakot, fast við gamla bæjarstæðið sem er í austur þar sem nú er fiskverkunarhús, áður rækjuverksmiðja.
**Lýsing**
Samkvæmt túnakorti frá 1919 er kálgarður 500 $m^2$.
**Aðrar upplýsingar**
Stærðin á þeim matjurtagarði sem er þarna er aðeins brot af þeim kálgarði sem hefur verið.Samkvæmt túnakorti frá 1919, en þarna hefur verið mikið sléttað og gerð tún.
**Heimildaskrá**

*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands 1919.
Vettvangskönnun með Reyni Sveinssyni 25/2 2004.

## Sandgerði 181043 60 - 9

**Sérheiti:** Tjarnarkot
**Hlutverk:** Hjáleiga
**Tegund:** Heimild um hjáleigu
**Horfin:** Já
**Staðsetning:** N: 64, 02, 31,9000 (-64,04219444) V: 22, 42,25,300 (-22,70702778)
**Hættumat:** Engin hætta
**Staðhættir**
Norðan við Brekkustíg. Á staðnum stendur nú hús sem er byggt 1928.
**Aðrar upplýsingar**
Jarðabók frá 1703 segir:

Tjarnarkot er fjórða hjáleiga, frá Sandgerði.
Jarðardýrleiki óviss.
Ábúandinn Ormur Ingimarsson.
Landskuld 50 álnir. Greiðist með 2 ½ vætt fiska til heimabóndans.
Timbur til húsaviðgerða leggur heimabóndinn til.
Kúgildi eitt. Leigur greiðist í fiski, smjöri eða landaurum. Kúgildið uppyngir heimabóndinn.
Kvaðir eru mannlán árið um kring til heimajarðarinnar, Sandgerðis.
Kvikfénaður ein kýr, ein kvíga veturgömul,11 ær, tvö lömb, tveir sauðir veturgamlir, eitt hross.
Fóður er handa einni kú naumlega.
Heimilsmenn þrír.
Eldiviðartak í fjöru mjög lítið.

Samkvæmt Jarðatali Johnsens frá 1847, segir að:

Sandgerði, sé í bændaeign, sé 60 af dýrleika, landskuld 2.0, kúgildi sex, ábúendur tveir eigendur. Jörðin hafi sex hjáleigur og er Tjarnarkot ein af þeim, þar er landskuld 0.50, kúgildi er eitt, leiguliði einn.

Í skýringum í Jarðatali segir:

að prestur en eigi sýslumaður, nefnir hjáleigurnar svo og A. M. (með hér greindum leigumála ) og jarðabók 1803, nema Götu sem þó eftir prestsskýrslum virðist byggt býli.

Samkvæmt túnakorti frá 1919 er tún sagt vera 1.08 teigur, og kálgarður 740 m$^2$.

**Heimildaskrá**

Árni Magnússon og Páll Vidalín. *Jarðabók. Þriðja bindi*. Kaupmannahöfn. 1923-1924,
61.
J.Johnsen. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn. 1847, 87.
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands 1919.
Ari Gíslason. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði. Örnefnastofnun. 1951-1958.

## Sandgerði 181043 60 - 10

**Sérheiti:** Tjarnarkot
**Hlutverk:** Brunnur
**Tegund:** Brunnur
**Staðsetning**: N: 64, 2, 31,7000 (-64,04213889) V: 22, 42, 25,7000 (-22,70713889)
**Hættumat:** Lítil hætta
**Hættuorsök**: Verklegar framkvæmdir

**Staðhættir**

Vestan heimreiðar við núverandi Tjarnarkot sem byggt var 1928.

**Lýsing**

Brunnurinn var fylltur kringum 1980. Kringum brunnopið er steinhella með steyptum smá kanti sem er um 0.20 m á hæð og 0.20 m breiður opið er 0.75 m x 0.50 m að stærð. Í brunnopið er gróðursett tré.

**Heimildaskrá**

*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands 1919.

## Sandgerði 181043 60 - 11

**Sérheiti:** Harðhaus
**Hlutverk:** Hjáleiga
**Tegund:** Heimild um hjáleigu
**Horfin:** Já
**Staðhættir**
Ekki er vitað hvar hjáleigan Harðhaus hefur verið í landi Sandgerðis.
**Lýsing**
Jarðabók frá 1703 segir:

> Harðhaus fimmta hjáleigan frá Sandgerði.
> Jarðardýrleiki er óviss, ábúandinn Jón Jónsson.
> Landskuld 50 álnir, greiðist með 2 ½ vætt fiska í kaupstað.
> Við til húsabótar leggur heimabóndinn.
> Kúgildi er eitt. Leiga greiðist í fiski eða smjöri heim til bóndans. Kúgildið uppyngir heimabóndinn.
> Kvaðir eru skipsáróður árið um kring.
> Kvikfénaður ein kýr, eitt hross.
> Fóður er handa einni kú tæplega.
> Heimilsmenn þrír.
> Eldiviðartak í afmarkaðri fjöru sæmilegt.

**Aðrar upplýsingar**
Í Jarðatali Johnsens frá 1847, er ekki getið um Harðhaus sem hjáleigu frá Sandgerði.
**Heimildaskrá**
Árni Magnússon og Páll Vidalín: *Jarðabók. Þriðja bindi*. Kaupmannahöfn 1923-1924, 61.
J.Johnsens. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn. 1847, 87.

## Sandgerði 181043 60 - 12

**Sérheiti:** Gata
**Hlutverk:** Hjáleiga
**Tegund:** Heimild um hjáleigu
**Horfin**: Já
**Staðhættir**
Ekki eru heimildir um hvar Gata hefur verið.
**Aðrar upplýsingar**
Í Jarðabók frá 1703 segir:
Gata er sjötta hjáleiga frá Sandgerði.

> Jarðardýrleiki er óviss.
> Ábúandinn Gísli Ólafsson.
> Landskuld 60 álnir. Greiðist með þremur vættum fiska til heimabóndans.
> Timbur til húsaviðgerða hefur ábúandinn lagt til í næstu þrjú ár og vætti.
> Kúgildi eitt. Leigur greiðist í fiski eða smjöri til heimabóndans.
> Kúgildið uppyngir heimabóndinn.
> Kvaðir eru skipsáróður árið um kring.
> Kvikfénaður ein kú.

Fóður handa einni kú tæplega.
Heimilismenn þrír.
Eldiviðartak í afskammtaðri fjöru mjög lítið.

Jarðatali Johnsens frá 1847 segir:

að Sandgerði, sé í bændaeign, sé 60 af dýrleika, landskuld 2.0, kúgildi sex, ábúendur tveir eigendur. Jörðin hafi sex hjáleigur og er Gata ein af þeim. Ábúandi í Götu er einn leiguliði.

Í skýringum í Jarðatali segir:

að prestur en eigi sýslumaður, nefnir hjáleigurnar svo og A. M. (með hér greindum leigumála ) og jarðabók 1803, nema Götu sem þó eftir prestsskýrslum virðist byggt býli.

**Heimildaskrá**

Árni Magnússon og Páll Vidalín. *Jarðabók. Þriðja bindi*. Kaupmannahöfn 1923-1924,
60-62.
J. Johnsens. *Jarðatal*. Kaupmannahöfn. 1847, 87.

## Sandgerði 181043 60 - 13

**Sérheiti:** Stöðulkot
**Hlutverk:** Þurrabúð
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** N: 64, 2, 30,3000 (-64,04175000) V: 22, 42, 18,2000 (-22,70505556)
**Horfin:** Já
**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Stöðulkot hefur staðið sunnan megin götu, austast við Brekkustíg.

**Lýsing**

Þarna eru nú hús og gatan Bekkustígur.

**Aðrar upplýsingar**

Í Jarðabók frá 1703 segir:

að Stöðulkot sé sjöunda hjáleiga frá Sandgerði, byggð fyrir einu ári með 50 álna landskuld sem greidd var í fiski og einu kúgildi, nú í eyði, en grasnautn lögð til heimajarðarinnar, kann þó aftur að byggjast, ef heimabóndinn vill þá grasnautn afleggja.

Samkvæmt túnakorti 1919 er Stöðulkot sagt þurrabúð, túnið 0.12 teigur, og kálgarður 640 $m^2$.

**Heimildaskrá**

Árni Magnússon og Páll Vidalín. *Jarðabók. Þriðja bindi*. Kaupmannahöfn. 1923-1924, 62.
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands 1919.

## Sandgerði 181043 60 - 14

**Sérheiti:** Stöðulkot
**Hlutverk:** Kálgarður
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** N: 64, 2, 30,3000 (-64,04175000) V: 22, 42, 18,2000 (-22,70505556)
**Horfin:** Já
**Hættumat:** Engin hætta
**Staðhættir**
Stöðulkot hefur staðið sunnan megin götu, austast við Brekkustíg, kálgarðar þar um kring.
**Lýsing**
Samkvæmt túnakorti frá 1919 er kálgarður sagður vera 640 $m^2$.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands 1919.

## Sandgerði 181043 60 - 15

**Sérheiti:** Bakkabúð
**Hlutverk:** Hjáleiga
**Tegund:** Heimild um hjáleigu
**Horfin:** Já

**Staðhættir**
Engar heimildir er um hvar Bakkabúð hefur verið.
**Aðrar upplýsingar**
Í Jarðabók. frá 1703 segir:

> Backabúð (Bakkabúð) áttunda hjáleigan en hú hafi yfir tíu ár í eyði legið, byggðist áður með 50 álna landskuld sem greiddist í fiski og einu kúgildi. Grasnautn er lögð til heimajarðarinnar og hjáleiganna. Kallar eigandi jarðarinnar að aftur byggjast kunni.

**Heimildaskrá**
Árni Magnússon og Páll Vidalín. *Jarðabók. Þriðja bindi*. Kaupmannahöfn. 1923-1924, 62.

## Sandgerði 191043 60 - 16

**Sérheiti:** Helgakot
**Hlutverk:** Hjáleiga
**Tegund:** Heimild um hjáleigu
**Horfið:** Já
**Staðhættir**
Engar heimildir er um hvar Helgakot hefur staðið.
**Aðrar upplýsingar**
Í Jaraðbók frá 1703 segir:

> Helgakot, níunda hjáleigan hefur verið næstum þrjátíu ár í eyði, byggðist áður með 50 álna landskuld sem greiddist í fiski og einu kúgildi, er nú

grasnautn lögð til hjáleigunnar sem heitir í Götu. Helgakot var komið i eyði 1703, ásamt Stöðulkoti og Bakkabúð.

**Heimildaskrá**

Ari Gíslason. *Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði*. Örnefnastofnun. 1951-1958.

Árni Magnússon og Páll Vidalín. *Jarðabók. Þriðja bindi*. Kaupmannahöfn. 1923-1924, 62.

# Sandgerði, kaupstaður.

## Sandgerði 181043 60 - 17

**Sérheiti:** Litla Stöðulkot
**Hlutverk:** Þurrabúð
**Tegund:** Heimild um þurrabúð
**Staðsetning:** N: 64, 2, 30,3000 (-64,04175000) V: 22, 42, 18,2000 (-22,70505556)
**Horfið:** Já
**Hættumat:** Engin hætta
**Staðhættir**
Litla-Stöðulkot hefur verið við suðaustur horn Tjarnarkotslands.
Þarna liggur nú gatan Brekkustígur. Litla-Stöðulkot hefur verið rétt norðan við götuna, þar sem nú standa hús norðan götunnar.
**Aðrar upplýsingar**
Samkvæmt túnakorti frá 1919 er túnið 0.09 teigar, og kálgarður 240 $m^2$.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands 1919.

## Sandgerði 181043 60 - 18

**Sérheiti:** Litla Stöðulkot
**Hlutverk:** Kálgarður
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** N: 64, 2, 30,3000 (-64,04175000) V: 22, 42, 18,2000 (-22,70505556)
**Hættumat:** Engin hætta
**Staðhættir**
Litla-Stöðulkot hefur verið við suðaustur horn Tjarnarkotslands.
Þarna liggur nú gatan Brekkustígur. Litla-Stöðulkot hefur verið rétt norðan við götuna, og kálgarður þar um kring.
**Lýsing**
Samkvæmt túnakorti frá 1919 er kálgarður sagður vera 240 $m^2$.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands 1919.

## Sandgerði 181043 60 - 19

**Sérheiti:** Uppsalir
**Hlutverk**: Jörð
**Tegund**: Heimild
**Staðsetning:** N: 64, 2, 27,7000 (-64,04102778) V: 22, 41, 59,3000 (-22,69980556)
**Horfin**: Já
**Hættumat**: Engin hætta
**Staðhættir**
Sunnan og austan megin við Uppsalaveg.
**Lýsing**
Byggt hefur verið á þessu svæði íbúðarhús.
**Aðrar upplýsingar**
Í Landnámi Ingólfs segir að um akrana í Sáðgerði hafa menn þau munnmæli að Gullbringa sem sýslan sé kennd við hafi haft þar kornakra sína og að hún hafi gefið þræli sínum Uppsa jörð þá er hann kallaði Uppsali. Uppsalir eru eigi langt frá Sáðgerði og eru nú í eyði og ómerkilegar. Um Sáðgerði sem byggðan bæ og Uppsali getur í fundazíu Hvalneskirkju sem byggð var 1370.
Í Jarðabók frá 1703 segir:
Uppsalir: Jarðadýrleiki er 20 af hundraði. Segja menn að þessi jörð sé af Sandgerði, og hafa báðar að fornu ein jörð verið eru nú Uppsalir.

> Kölluð hálflenda og þar ekki nema helmings fyrirsvar í fátækra hýsingu og flutningi mót lögbýlis jörðum. Eigandinn er Vilhjálmur Jónsson lögréttumaður. Ábúandinn Sigvaldi Snorrason. Landskuld er 60 álnir, hefur áður verið 100 álnir og þar í millum. Greiðist með fiski heim til eigandans eða í kaupstað. Timbur til húsaviðgerða leggur landsdrottinn. Kúgildi eru tvö frá næstu fardögum, hefur áður verið eitt og stundum tvö. Leigur greiðist í landaurum. Kúgildin uppyngir landsdrottinn. Kvaðir eru engar og hafa eigi verið það menn muna. Kvikfénaður tvær kýr naumlega, hafa til forna fóðrast fjórar kýr. Heimilsmenn þrír. Þangfjara til eldiviðar nægileg til heimabrúkunar. Fjörugrös og söl þarf annarsstaðar til að fá. Skipsuppsátur, varir og vergögn brúkar jörðin allt til þess dags frítt í Sandgerðisvörum. Tún eru grýtt, mjög sendin, þar með komin í órækt. Engjar engar. Hagar litlir bæði sumar og vetur, yfirfallnir af sandi og grjóti.

Í Jarðatali Johnsens frá 1847, segir um Uppsali:

> Uppsalir eru í bændaeign, og þar er einn leiguliði.

Í Örnefnaskrá segir, að sagt hafi verið að Uppsalir hafi verið bær með 18 hurðum á járnum.
Þeir Loftur Altice Þorsteinsson og Bjarni Sveinbjörnsson hafa tekið saman upplýsingar sem er að finna í óútgefnu riti sem heitir Útvegsjörðin Krókskot í Miðneshreppi. Þar kemur fram að þeir telja að þar sem húsið Uppsalir í Sandgerði sé í dag hafi ekkert með að gera hina fornu jörð Uppsali.
**Heimildaskrá**
Ari Gíslason. *Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði*. Örnefnastofnun. 1951-1958.
Árni Magnússon og Páll Vidalín. Jarðabók. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn.1923-1924, 58.
J. Johnsens. *Jarðatal*. Kaupmannahöfn.1847, 87.
Loftur Altice Þorsteinsson og Bjarni Sveinbjörnsson.

Óútgefið rit: *Útvegsjörðin Krókskot í Miðneshreppi*. 2004.
Magnús Grímsson. "Fornminjar á Reykjanesskaga". Landnám Ingólfs I-III. Landnám Ingólfs, safn til sögu þess. Ýmsar ritgerðir II. bindi. Reykjavík. 1936-40, 249.

## Sandgerði 181043 60 – 20




*Mynd 2.* ***.*** *S-181043 60 – 20. Horft til austurs yfir lóðina að Fagurhól, sem byggður var 1928. Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*

**Sérheiti:** Fagurhóll
**Hlutverk:** Bústaður/þurrabúð
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning**: N: 64, 1, 51,2000 (-64,03088889 V: 22, 34, 33,0000 (-22,57583333)
**Horfin**: Já
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Nýbyggingar
**Staðhættir**
Auð lóð sem er á milli húsanna sem standa við Brekkustíg 14 og 10 sem heitir Bjarg. Húsið Brekkustígur 12, sem nú heitir Fagurhóll stendur austar og er ekki í línu við götu.
**Lýsing**
Mjög óljósar hleðslur má greina á þessum bletti, en annars er á honum mikil sina.
**Aðrar upplýsingar**
Fagurhóll er merktur á túnakort frá 1919. Húsið sem nú er Fagurhóll er byggt 1928, og stendur austar á lóðinni Brekkustíg 12.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.

## Sandgerði 181043 60 - 21

**Sérheiti:** Fagurhóll
**Hlutverk:** Kálgarður
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning**: N: 64, 1, 51,2000 (-64,03088889 V: 22, 34, 33,0000 (-22,57583333)
**Hættumat:** Nkkur hætta
**Hættuorsök:** Nýbyggingar
**Staðhættir**
Fyrir framna húsið Brekkustíg 12.Þar hefur áður hefur verið Kálgarðurinn samkvæmt túnakorti frá 1919.
**Lýsing**
Samkvæmt túnakorti frá 1919 er kálgarður sagður vera 380 $m^2$. Þarna hefur verið sléttað.
**Heimildaskrá**
Þjóðskjalasafn Íslands. *Túnakort* 1919.

## Sandgerði 181043 60 - 22

**Sérheiti:** Hamarinn
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild um fjárhús
**Staðsetning:** N: 64, 2, 26,3000 (-64,04063889) V: 22, 42, 52,4000 (-22,71455556)
**Horfin:** Já
**Hættumat:** Engin hætta
**Staðhættir**
Sunnan við Þuríðarsker er hreinn sandur frá túnbakka út á bátaleguna. Hamarinn er stór hólmi laus frá landi og stórklettóttur á allar hliðar. Ofan á honum var grashóll. Á þessum stað er nú uppfylling, upp af Sandgerðisbryggju.
**Lýsing**
Árið 1907 var á hólnum sauðhús úr torfi og grjóti.
**Heimildaskrá**
Ari Gíslason. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppu, Sandgerði. Örnefnastofnun. 1951 – 1958.

## Sandgerði 181043 60 - 23

**Sérheiti:** Stokkavör
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild um lendingu
**Staðsetning:** N: 64, 2, 20,3000 (-64,03897222 V: 22, 42, 49,9000 2422,71386111)
**Horfin:** Já
**Hættumat**: Engin hætta
**Staðhættir**
Vikið sunnan við Hamar hét Fúla. Klöppin þar sunnar hét Snoppa. Þar stendur nú útgerð h/f Miðness. Sunnan við Snoppu er Stokkavör. Nú er komin þarna uppfylling og gata sem liggur á milli bryggjanna. Stokkavör hefur verið u.þ.b. fyrir framan fiskverkunarhúsið sem þarna er.

**Aðrar upplýsingar**
Stokkavör var besta lendingin sunnan við Miðnesbryggju. Dregur hún nafn af að í hana voru lagðir stokkar í stað hlunna.

**Heimildaskrá**
Ari Gíslason. *Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði.* Örnefnastofnun. 1951 – 1958.

## Sandgerði 181043 60 - 24



*Mynd 3. S- 181043 60 – 24. Kumblhóll horft í suðaustur. Efst á hólnum tóft. Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*

**Sérheiti:** Kumblhóll
**Hlutverk:** Huldufólksbústaður
**Tegund:** Náttúruminjar
**Staðsetning:** N: 64, 2, 20,3000 (-64,03897222) V: 22, 42, 12,4000 (-22,70344444)
**Hættumat:** Á hólnum eru tóft sem er í hættu ef að verða þar verklegar framkvæmdir
**Hættumat:** Nýbyggingar
**Staðhættir**
Rétt ofan við við veginn í Krókakotslandi er hóll sem heitir Kumblhóll.
Á smá hól norðvestur frá Sunnuhvoli sem stendur við Víkurbraut.
**Aðrar upplýsingar**
Þarna var talið vera huldufólksbústaður. Í heimild frá Berent Magnússyni segir að hólinn heiti Kumlhóll, og á hólnum hvíli sterk helgi. Hann telur þó ólíklegt að þar hafi nokkur verið heygður.
**Heimildaskrá**
Ari Gíslason/ Berent Magnússon í Krókskoti. *Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði*. Örnefnastofnun. 1980.

## Sandgerði 181043 60 - 25




*Teikn 1. S- 181043 60 – 25. Stekkur.*

**Sérheiti:** Kumblhóll/Stekkir
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** N: 64, 2, 20,3000 (-64,03897222   V: 22, 42, 12,4000 (-22,70344444)
**Þvermál:** 1-2 m
**Hleðsluhæð:** 0.50 m
**Lengd**: 10-11 m
**Breidd:** 10-11 m
**Ástand:** Slæmt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Ábúð**,** nýbygging, skógrækt
**Staðhættir**
Rétt ofan við við veginn  í Krókakotslandi er hóll sem heitir Kumblhóll. Ofan við hann er nefnt Stekkir. Í norðaustur frá húsinu Sunnuhvoli, norðaustan í Kumblhól.
**Lýsing**
Þar eru sagðar tættur en sumar horfnar. Tóftin er mjög óljós, hún liggur í halla á móti austri. Hún er grasivaxin, ekki sést í hleðslur. Erfitt er að greina skipulag tóftarinnar nema að takmörkuðu leiti.
**Aðrar upplýsingar**
Heimild frá Berenti Magnússyni sem  segir að Stekki hafi verið hætt að nota  fyrir 1900. Árið 1980 segir hann að ekki sjást merki um þá.
**Heimildaskrá**
Ari Gíslason/ Berent Magnússon í Krókskoti. *Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði*. Örnefnastofnun. 1980.
Vettvangskönnun 25/2 2004.

## Sandgerði 181043 60 - 26



*Mynd 4. S- 181043 60 – 26. Tóft á Kumblhól horft í austur. Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*




*Teikn 2. S-181043 60 – 26. Tóft.*

**Sérheiti:** Kumblhóll
**Hlutverk:** Tóf
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** N: 64, 2, 20,3000 (-64,0389722) V: 22, 42, 12,4000 (-22,70344444)
**Þvermál:** 1-2 m
**Hleðsluhæð:** 0.50 m
**Lengd:** 7-8 m

**Breidd:** 6-7 m
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Ábúð**,** nýbygging, skógrækt
**Staðhættir**
Á smá hól í norð vestur frá húsinu Sunnuhvoli.
**Lýsing**
Skeifulaga lítil tóft, hún er grasivaxin, ytri brúnir veggjana renna saman við landið í kring, hún er opin í vestur.
**Heimildaskrá**
Vettvangskönnun með Reyni Sveinssyni 25/2 2004.

## Sandgerði 181043 60 - 27




*Teikn 3. S- 181043 60 – 27. Tóft.*

**Sérheiti**: Álfhóll
**Hlutverk:** Tóft
**Tegund**: Tóft
**Staðsetning:** N: 64, 2, 25,6000 (-64,04044444) V: 22, 42, 25,7000 (-22,70713889)
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Ábúð**,** nýbygging, skógrækt

**Staðhættir**
Álhóll er á opnu svæði norð-vestan Víkurbrautar á smá hóll í grasigrónu túni eru óljósar tóftir.
**Lýsing**
Tóftin er grasivaxin og ekki sést í hleðslur. Innri brúnir tóftarinnar nokkuð skýrar en ytri brúnir renna saman við landið í kring. Tóftin er eitt hólf og er opin til vesturs, veggjahæð er um 0.40 m þar sem það er hæst við norðurhlið en lækkar síðan fremst og rennur saman við landið. Við enda tóftarinnar er ólós grasivaxinn garður í hálfhring.
**Munnmæli**
Í heimild frá Berenti Magnússyni segir hann að Álhóll sé bústaður álfa og fullyrt að þar hrekist aldrei hey.
**Heimildaskrá**
Ari Gíslason. *Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði*. Örnefnastofnun. 1951 – 1958.

## Sandgerði 181043 60 - 28




*Mynd 5. S-181043 60 – 28. Horft til suðurs yfir Oddstóft og túngarðinn. Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*




*Teikn 4. S-181043 60 – 28. Oddstóft.*

**Sérheiti:** Oddstóft
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft + Gerði
**Staðsetning:** N: 64, 2, 28,1000 (-64,041138899 V: 22, 41, 49,6000 (-22,69711111)
**Þvermál:** 1-2 m
**Hleðsluhæð:** 0.70 m
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Ábúð**,** nýbygging, skógrækt
**Staðhættir**
Um 70 m frá lóðamörkum húsanna sem standa austan megin við Bjarmahlíð, á smá hól í þúfóttu landi.
**Lýsing**
Tóftin er aðeins hærra en landið kring á smá hól, hún er grasigróin, en sést í einstaka steinhleðslur. Tóftin skiptist í tvö til fjögur hólf, eitt þeirra er mjög greinilegt og er opið til suð-austurs, annað hólf sem er stærra er lokað, þá eru óljósar veggjahleðslur sunnan og vestan megin við tóftina. Túngarður er út frá tóftinni í norð-vestur, grasigróinn og greinilegur í landinu. Hæð hans er um 0.50 m.
**Aðrar upplýsingar**
Oddstóft er kennd við Odd Jónsson (12.09.1842 - 27.07.1913) í Landakoti. Hann hafði þar fé.
**Heimildaskrá**
Ari Gíslason/ Berent Magnússon í Krókskoti. *Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði*. Örnefnastofnun. 1980.

# Sandgerði 181043 60 - 29




*Mynd 6. S- 181043 60 – 29.* ***.*** *Horft til austurs yfir Gvendartóft sem er fyrir miðri mynd. Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*




*Teikn 5. S- 181043 60 – 29. Gvendartóft.*

**Sérheiti:** Gvendartóft
**Hlutverk:** Tóft
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** N: 64, 2, 29,7000 (-64,04158333)V: 22, 41, 44,6000 (-22,69572222)
**Þvermál:** 0.60 m
**Hleðsluhæð:** 0.50 m

**Lengd**: 7-8 m
**Breidd:** 8-9 m
**Ástand**: Slæmt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök**: Ábúð**,** nýbygging, skógrækt
**Staðhættir**
Gvendartóft er skammt frá Oddstóft ofar á heiðinni.
Tóftin er í þúfóttri smá hæð, í austur frá vegaspotta sem liggur norð-austan við húsin við Bjarmaland.
**Lýsing**
Mjög óljós grasi- og mosagróin tóftarbrot í þúfnalandi.
**Aðrar upplýsingar**
Gvendartóft var kennd við Guðmund í Tjarnarkoti.
**Heimildaskrá**
Ari Gíslason. *Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði.* Örnefnastofnun. 1951 – 1958.

## Sandgerði 181043 60 - 30

**Hlutverk**: Varða
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** N: 64, 2, 19,8000 (-64,03883333) V: 22, 42, 46,8000 (-22,71300000)
**Horfin:** Já
**Hættumat:** Engin hætta
**Staðhættir**
Á svæðinu norðan og austan við bygginguna sem vitinn við höfnina er byggður við.
**Lýsing**
Samkvæmt túnakorti frá 19191, steinlímd varða landmælingamanna, með eirbolta á lítilli og ósprunginni klöpp. Nú er þetta svæði komið á uppfyllingu.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.

## Sandgerði 181043 60 - 31

**Hlutverk:** Bryggja
**Tegund:** Heimild um bryggju
**Staðsetning:** N: 64, 2, 24,3000 (-64,04008333) V:22, 42, 49,9000 (-22,71386111)
**Horfin:** Já
**Hættumat**: Engin hætta
**Staðhættir**
Bryggjan hefur verið sunnan við húsið sem er viðbyggt vitanum við höfnina. Þarna er nú komin uppfylling.
**Lýsing**
Bryggjan sést á túnakorti frá 1919, og er sögð tré- og steinbryggja.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.

## Sandgerði 181043 60 – 32



*Mynd 7. S - 181043 60 – 32.* *Veggjahleðsla sem tilheyrði íshúsinu. Horft í austur. Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*

**Sérheiti:** Íshús
**Hlutverk:** Íshús
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:** N: 64, 2, 25,1000 (-64,04030556) V: 22, 42, 45,2000 (-22,71255556)
**Þvermál:** 0.50 m
**Hleðsluhæð:** 1.60 m
**Lengd:** 13 m
**Breidd:** 5 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Nýbygging
**Staðhættir**
Íshúsið er austan við bryggjuhús Miðness gamla.
Íshúsið sést á túnakorti frá 1919, það hefur verið austan við tré- og steinbryggju.
Íshúsveggurinn þjónar nú sem skjólveggur við útipláss veitingastaðarins Vitans.
**Lýsing**
Það sem stendur eftir af íshúsinu er steinhlaðinn veggur sem liggur austur-vestur og er um 13 m langur. Frá vestari enda veggsins er veggur sem er um 5 m og er í suður-norður. Ofan á steinhleðsluna hefur verið steyptur um 0.40 m hár kantur.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.

## Sandgerði 181043 60 - 33

**Sérheiti:** Sjónarhóll
**Hlutverk:** Mið

**Tegund:** Hemild um mið
**Staðsetning:** N: 64, 2, 26,0000 (-64,04055556) V: 22, 42, 40,0000 (-22,71111111)
**Hættumat:** Engina
**Staðhættir**
Sjónarhóll er sunnan við húsið Tjarnargötu 2.
**Lýsing**
Þarna hefur verið lækkað og sléttað og er nú baklóð hússins Tjarnargötu 2.
**Aðrar upplýsingar**
Markalína fyrir Sandgerði. Utast á merkjum á móti Bæjarskerjum er svæði sem heitir Lönd. Í sandinum í fjöru er Sandgerðismerkjasker og svo er línan upp til heiðarinnar **Sjónarhól** og þaðan í stefnuna í Kolku á Háaleiti sem komin er undir flugvöllinn. Norðaustur af Digruvörðu í innsiglingarmerki er smáhóll sem heitir Steinbítshóll. Neðri hluti landanna var að eyðast af sjávargangi og uppblæstri, en er nú að gróa upp. Vegurinn upp á Miðnes liggur um löndin. Þau ná inn að götu sem er nokkuð suður af Krókskoti inni í þorpinu Sandgerði. Sandgerði á upp í Þrívörður sem er á hreppamerkjum.
**Heimildaskrá**
Ari Gíslason. *Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði.* Örnefnastofnun. 1951 – 1958.

## Sandgerði 181043 60 - 34



*Mynd 8. S- 181043 60 – 34.* ***.*** *Efra- Sandgerði horft í norður.Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*

**Sérheiti:** Efra-Sandgerði

**Hlutverk:** Félagsheimili
**Tegund:** Timburhús
**Byggingaár:** 1883
**Staðsetning:** N: 64, 2, 30,9000 (-64,04191667)   V: 22, 42, 36,2000 (-22,71005556)
**Ástand:** Mjög gott
**Hættumat:** Lítil hætta
**Staðhættir**
Húsið stendur á smá hæð norðan Tjarnargötu við suðaustur enda Sandgerðistjarnar.
**Lýsing**
Húsið var byggt 1883. Það er timburhús á hlöðnum grunni. Það er í eigu Lionsfélags Sandgerðis sem nýlega gerði húsið upp, og er fundastaður þeirra.
**Heimild**
Viðtal við Reyni Sveinsson í apríl 2004.

## Sandgerði 181043 60 - 35




*Teikn 6.  S-181043 60 – 35.  Grunnur/hleðsla.*

**Sérheiti:** Efra-Sandgerði
**Hlutverk:** Grunnur
**Tegund:**  Hleðsla
**Staðsetning**: N: 64,2, 30,9000 (-64,04191667)  V: 22, 42, 36,2000 (-22,71005556)
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Ábúð**,** nýbygging, skógrækt
**Staðhættir**
Fast austan við Húsið Efra-Sandgerði.
**Lýsing**
Hleðslan sem er næst húsinu er steinhleðsla, veggir eru heilir og ekki sést rof í hleðsluna. Hún er U-laga um 6 m x 6 m, hleðsluhæð 0.70 m og  veggjabreidd um 0.50 m. Frá  steinhleðslunni er síðan önnur hleðsla, í austur  sem er 4 m x 6 m, grasivaxin, og um 0.40 m á hæð og veggjabreidd um 0.50 m.

**Heimildaskrá**
Vettvangskönnun 25/2 2004.

## Sandgerði 181043 60 - 36




*Teikn 7. S-181043 60 – 36. Garðlag/heinmreið.*

**Sérheiti**: Efra- Sandgerði
**Hlutverk:** Heimreið
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** N: 64, 2, 31,4000 (-64,04205556) V: 22, 42, 37,3000 (-22,71036111)
**Þvermál:** 1 m
**Hleðsluhæð:** 0.80 m
**Lengd:** 45 m
**Ástand:** Sæmilegt
**Horfin:** Að hluta
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Ábúð**,** nýbygging, skógrækt
**Staðhættir**
Í norð-vestur frá Efra- Sandgerði að Sandgerðistjörn og Garðvegi.
**Lýsing**
Vesturhlið heimreiðarinnar er um 10 m frá Efra -Sandgerði í norð vestur að þeirri hlið heimreiðarinnar er um 10 m frá húsinu Efra- Sandgerði í norðvestur Vesturhlið garðsins er um 45 m, um 12 m eftir garðinum frá húsinu mælt er um 2 m

breitt rof í garðinn, vegna slóða sem liggur  þvert á hann. Autsturhlið garðsins  vantar samhliða þessum 12 m og rofinu, en liggur síðan samsíða garðinum svo langt sem hann nær. Breiddin milli  austur- og vestuhliðar er 2 m. Norður endi garðsins er horfinn vegna Garðavegar. Garðurinn er grasivaxinn og ekki sér í neinar hleðslur.
**Heimildaskrá**
Vettvangskönnun 25 /2 2004.

## Sandgerði 181043 60 - 37



*Mynd 9.  S-181043 60 – 37.    Tófin  ber í ljósastaur  fyrir miðri mynd.Horft í norð-vestur.Mynd Katrín Gunnarsdóttir***.**




*Teikn 8. S- 181043 60 – 37. Tóft.*

**Sérheiti:** Efra-Sandgerði
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** N: 64, 2,33,1000( 64,04252778) V: 22, 42, 41,1000 (-22,71141667)
**Þvermál:** 1 m
**Hleðsluhæð:** 0.50 m
**Lengd:** 7 m
**Breidd**: 9 m
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat**: Mikil hætta
**Hættuorsök**: Ábúð**,** nýbygging, skógrækt
**Staðhættir**
Tóftin er upp á smá hól í norð-vestur frá Efra-Sandgerði rétt vestan við norðvestur enda heimreiðarinnar út við Garðaveg.
**Lýsing**
Tóftin er grasivaxin, hún er tvískipt, ekki opið á milli, en bæði hólfin opin til vesturs, minna hólfið á norðurhlið, líklega heytóft.
**Heimildaskrá**
Túnakort 1919.

## Sandgerði 181043 60 - 38



*Mynd 10. S-181043 60 – 38. Tóftin fresmt til vinstri á myndinni, og garður/slóði til hægri, horft í suðaustur.Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*




*Teikn 9. S-181043 60 – 38. Tóft.*

**Hlutverk:** Tóft
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** N: 64, 2, 37,2000 (-64,04366667) V: 22, 44, 22,1000 (-22,73947222)
**Þvermál:** 1 m
**Hleðsluhæð:** 0.40 m
**Lengd:** 12-13 m
**Breidd:** 6-7 m
**Ástand:** Sæmilegt
***Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Ábúð**,** nýbygging, skógrækt
**Staðhættir**
Vestan við húsið Norðurgötu 25 við slóða sem liggur í gegnum grasigróið þúfnaland að Sandgerðistjörn.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt og er opin í norður, ekki sjást dyr á milli hólfana. Fast vestan við tóftina er garður eða slóði sem liggur í norðvestur-suðaustur um 2 m breiður, og 0.50 m á hæð. Vegslóði liggur við norð vestur enda tóftarinnar, að Sandgerðistjörn.
**Heimildaskrá**
Vettvangskönnun 25/2 2004.

## Sandgerði 181043 60 - 39



*Mynd 11. S-181043 60 – 39 1043 60 – 39 Óljós tóftarbrot sjást til hægri við bílinn, horft í suður. Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*




*Teikn 10. S-181043 60 – 39 Tóft.*

**Hlutverk:** Tóft
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** N: 64, 2, 37,4000 (-64,04372222) V: 22, 42, 27,1000 (-22,70752778)
**Þvermál:** 1 m
**Hleðsluhæð:** 0.70 m
**Lengd:** 11-12 m
**Breidd:** 8-9 m
**Ástand:** Slæmt
**Horfin:** Að hluta
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Ábúð**,** nýbygging, skógrækt
**Staðhættir**
Í vestur frá Norðurgötu 27 liggur slóði út að Sandgerðistjörn, sunnan slóðans rétt sunnan við hólinn þar sem skólinn stóð á fyrrum, eru þessi tóftarbrot austan girðingar sem þar liggur í suður-norður.
**Lýsing**
Tóftarbrotin eru óljós, þau eru mjög sigin og grasivaxin. Syðsti hluti tóftarinnar er best sýnilegur, þar mótar greinilega fyrir smá skeifulaga veggjabút, sem er allt að 0.70 m á hæð niður. Veggir tóftabrotsins renna að mestu saman við landið í kring.
**Heimildaskrá**
Vettvangskönnun 25/2 2004.

## Sandgerði 181043 60 - 40




*Teikn 11. S- 181043 60 – 40. Tóft.*

**Hlutverk:** Tóft
**Tegund:** Tóft
**Þvermál**: 0.50 m
**Hleðsluhæð**: 0.30 m
**Lengd**: 8-9 m
**Breidd:** 7 m
**Ástand:** Slæmt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Ábúð**,** nýbygging, skógrækt
**Staðhættir**
Í vestur frá Norðurgötu 27 liggur slóði út að Sandgerðistjörn, sunnan slóðans rétt sunnan við hólinn þar sem skólinn stóð á fyrrum, eru tóftarbrot (N: 64, 2, 37,4000 (-64,04372222) V: 22, 42, 27,1000 (-22,70752778) ) austan girðingar sem þar liggur í suður-norður. Fast austan við þær er tóftinn sem er mjög óljós.
**Lýsing**
Tóftin er í þúfóttu landi og er mjög óljós, veggir eru signir og grasivaxnir, en hafa svo til sömu hleðsluhæð á öllum hliðum.
**Heimildaskrá**
Vettvangskönnun 25/2 2004.

## Sandgerði 181043 60 - 41



*Mynd 12. S-181043 60 – 41. Tóftin fyrir miðri mynd og kálgarðurinn fjær, horft í norður. Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*




*Teikn 12. S - 181043 60 – 41. Tóft.*

**Hlutverk**: Tóft
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning**: N: 64,2, 38,4000 (-64,04400000) V: 22, 42, 25,2000 (-22,70700000)
**Þvermál:** 1 m
**Hleðsluhæð:** 0.30 m
**Lengd:** 7 m
**Breidd:** 6 m
**Ástand:** Slæmt

**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Ábúð**,** nýbygging, skógrækt
**Staðhættir**
Frá Norðurgötu 27 í vestur að Sandgerðistjörn.
**Lýsing**
Tóftin liggur lágt miðað við landið í kring um hana sem er smá þúfótt, en slétt það sem næst er tóftinni.Veggjahæð er um 0.80 m niður þar sem hæst er við norðausturhlið, en veggir renna síðan  saman við landið í kring. Norðan við tóftina er matjurtagarður með hleðslum í kring á þrjá vegu um 21 x 9 m, veggjaþykkt 1 m og veggjahæðum 0.40 m, og virðist þær hleðslur ekki vera mjög gamlar. Um 2 metra í vestur frá suðvesturhorni tóftarinnar er kringlóttur niðurgröftur um 2 m í þvermál og 0.80 m djúpur, um 1 m frá suðaustur horni tófarinnar er síðan annar niðurgröftur sem er um1 m þvermál og um 0.80 m djúpur.
**Aðrar upplýsingar**
Ekki eru neinar heimildir að finna um þessa tóft.
**Heimildaskrá**
Vettvangskönnun 16/3 2004.

## Sandgerði 181043 60 – 42

**Hlutverk:** Skóli
**Tegund:** Heimild um skóla
**Staðsetning:** N: 64, 2, 58,1000 (-64,04947222)  V: 22, 42, 28,4000 (-22,70788889)
**Horfin:** Já
**Hættumat:** Lítil hætta
**Hættuorsök:** Nýbyggingar
**Staðhættir**
Skólabyggingin stóð á smá hæð suðaustan við Sandgerðistjörn.
**Lýsing**
Grunnur skólahússins var brotinn niður og má sjá steypubrotin í brekku sem liggur á móti  norðri frá staðnum sem skólinn stóð á.
**Aðrar upplýsingar**
Skólinn á Tjörn stóð 1910-1942. Hann var rifinn árið 1979.
**Heimildaskrá**
Vettvangskönnun og heimildir Reynir Sveinsson 25/2 2004.

## Sandgerði 181043 60 - 43

**Hlutverk:** Hleðsla
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** N: 64, 2, 28,1000 (-64,04113889)  V: 22, 42, 17,6000 (-22,70488889)
**Þvermál:** 0.50 m
**Hleðsluhæð:** 0.50 m
**Lengd:** 80 m
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök**: Ábúð

**Staðhættir**
Garðurinn liggur milli norðuhliðs Landakotstúns og lóðanna sem tilheyra húsum sunnan Brekkustígs.
**Lýsing**
Undirhleðslan, garðurinn liggur austur-vestur og er einhlaðinn úr grjóti, ofan á hann hefur verið sett vírgirðing. Hann er nokkuð grasivaxinn.
**Heimildaskrá**
Vettvangskönnun 25/2 2004.

## Sandgerði 181043 60 - 44



*Mynd 13. S- 181043 60 – 44. Horft yfir tóftina til norðurs. Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*




*Teikn 13. S-181043 60 – 45. Tóft.*

**Hlutverk:** Tóft
Tegund: Tóft
**Staðsetning**: N: 64, 2, 24,7000 (-64,04019444)   V: 22, 42, 12,2000 (-22,70338889)
**Þvermál:** 1-2 m
**Hleðsluhæð:** 1.40 m
**Lengd:** 8-9 m
**Breidd**: 10 m
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Nýbygging, vegagerð, skógrækt
**Staðhættir**
Tóftin er í Landakotstúni, vestan Hlíðargötu.
**Lýsing**
Tóftin er grjóthlaðin, veggir nokkuð heillegir, sésrstaklega norðurhlið sem hefur mjög jafna og háa hleðslu um 1.40 m. Austur- og vesturhlið aðeins lægri og óreglulegri. Við vesturhlið tóftarinnar er síðan annað hólf og er það minna, og eru veggir þess niðurgrafnir og 1 m á hæð. Bæði hólfin eru opin til suðurs.
**Aðrar upplýsingar**
Tóftin er á túnakorti frá 1919.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.

## Sandgerði 181043 60 - 45




*Teikn 14. S- 181043 60 – 45. Garðlag.*

**Sérheiti:** Nýibær
**Hlutverk:** Hleðsla
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** N: 64, 2, 21,7000 (-64,03936111)   V: 22, 42, 5,5000 (-22,70152778)
**Þvermál:** 1 m
**Hleðsluhæð:** 0.30 m
**Lengd:** 10 m
**Breidd:** 4-5 m
**Ástand:** Slæmt
**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Nýbygging
**Staðhættir**
Norðan við bæjarstæði Nýjabæjar.
**Lýsing**
L-laga hleðsla, mjög óljós, grasivaxin.
**Aðrar upplýsingar**
Þarna er nú matjurtagarður. Hugsanlegt að þarna hafi verið útihús áður en farið var að nota þetta fyrir kálgarð. Á túnakorti frá 1919 er ekkert að sjá að þarna hafi verið neitt.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.

## Sandgerði 181043 60 - 46



*Mynd 14 .S- 181043 60 – 46. Horft í norð- austur yfir bæjarstæði Nýjabæjar, til vinstri á myndinni sést í hleðsluna sem er númer 45. Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*




*Teikn 15. S - 181043 60 – 46. Tóft.*

**Sérheiti:** Nýibær
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund**: Tóft
**Staðsetning:** N: 64, 2, 21,5000 (-64,03930556) V: 22, 42, 5,1000 (-22,70141667)
**Hleðsluhæð:** 0.50 m
**Lengd:** 14 m
**Breidd:** 6 m
**Ástand:** Óljóst
**Horfin:** Að mestu
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Nýbygging
**Staðhættir**
Fyrir norðan húsið Austurgötu 3, Þórshamar.
**Lýsing**
Grasigrónar hleðslur, hleðslugrjót. Hleðslurnar eru sýnilegar sem breiðar upphækkanir, því fyllt hefur verið í tóftina. Þær sjást best á austur- og vesturhlið en sjást annars í köntunum.
**Aðrar upplýsingar**
Nýibær sést ekki á túnakorti frá 1919.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.

## Sandgerði 181043 60 - 47

**Sérheiti:** Bakkahúsið
**Hlutverk:** Hús
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** N: 64, 2, 38,1000 (-64,04391667) V: 22, 42, 51,4000 (-22,71427778)
**Horfin:** Já
**Hættumat:** Engin hætta
**Staðhættir**
Þarna er nú fiskimjölsverksmiðja við Garðaveg 5.

**Heimildaskrá**
Ari Gíslason. *Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði.* Örnefnastofnun. 1951 – 1958.
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.

## Sandgerði 181043 60 - 48

**Sérheiti:** Stúkuhús
**Hlutverk:** Hús, fundarhús
**Tegund:** Heimild um hús
**Staðsetning:** N: 64, 2, 38,1000 (-64,04391667) V: 22, 42, 51,4000 (-22,71427778)
**Horfin:** Já
**Hættumat:** Engin hætta
**Staðhættir**
Stúkuhúsið stóð á Sandgerðisbakka aðeins vestan við Sandgerðistjörn lítið eitt norðar og nær tjörninni en Bakkahúsið.
**Lýsing**
Húsið var flutt í Garð fyrir 1960.
**Aðrar upplýsingar**
Árið 1891 var stofnuð G.T. stúka á Miðnesi. Stúkan hét Bræðrabandið. Stúkan starfaði með áhuga og fjöri í nokkur ár, byggði fundarhús á Sandgerðisbakka. Í húsi þessu var barnaskóli í nokkur ár. Húsið var síðan selt og flutt að Hausthúsum í Garði. Stóð þar lengi sem íbúðarhús.
**Heimildaskrá**
Ari Gíslason. *Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði.* Örnefnastofnun. 1951 – 1958.

## Sandgerði 181043 60 - 49

**Sérheiti:** Lýsisbræðsla
**Hlutverk:** Lýsisbræðsla
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** N: 64, 2, 34,0000 (-64,04277778) V: 22, 42, 39,3000 (-22,71091667)
**Horfin:** Já
**Hættumat:** Engin hætta
**Heimildarmaður:** Halldóra Ingibjörnsdóttir (2410232579)
**Staðhættir**
Á smá hæð rétt vestan við Sandgerðistjörn
**Lýsing**
Ekki er hægt að sjá nein merki um hleðslur.
**Aðrar upplýsingar**
Séra Oddur V. Gíslason (f. 8.4.1836, d. 10.1. 1911) prestur í Grindavík. Hann flutti síðan til Ameríku og dó í Winnipeg. Hann byggð þarna kofa/hús sem í var lifrarbræðsla, en þegar sú starfsemi lagðist af var kofinn notaður fyrir hænsnakofa.
**Heimildaskrá**
Viðtal og leiðsögn Halldóru Ingibjörnsdóttir 23/3 2004

## Sandgerði 181043 60 - 50




*Teikn 16. S- 181043 60 – 50. Garðlag.*

**Hlutverk:** Kálgarður og óljósar tóftir
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** N: 64, 2, 35,2000 (-64,04311111) V: 22, 42, 5,2000 (-22,70144444)
**Hleðsluhæð:** 0.50 m
**Lengd:** 20 m
**Breidd:** 13 m
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Nýbygging
**Staðhættir**
Garðurinn er austan við húsið Norðurgötu 24.
**Lýsing**
Garðveggirnir eru vel sýnilegir. Þeir eru grasigrónir.
**Aðrar upplýsingar**
Við norðvestur horn garðsins eru steinsteyptar veggir frá litlum kofa með dyr í norður. Hugsanlega eru tóftarbrot sitt hvoru megin við vegslóða sem liggur rétt við kofann. Tótfirnar eru líklega mun eldri en kálgarðurinn, og ætti að hafa það í huga ef jarðrask verður á þessu svæði.
**Heimildaskrá**
Vettvangskönnun 23/3 2004.

## Sandgerði 181043 60 - 51

**Hlutverk:** Varphólmar
**Tegund:** Mannvirki
**Hættumat:** Nokkur hætta
**Hættuorsök**: Nýbyggingar
**Staðhættir**
Varphólmarnir eru í Sandgerðistjörn.
**Lýsing**
Smá hólmar sem eru upphlaðnir í tjörninni.
**Heimild**
Ari Gíslason. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði. Örnefnastofnun. 1951 – 1958.

# NIÐURSTÖÐUR SANDGERÐI

Númer í sviga í textanum svarar til númers í fornleifaskrá.

Það sem einkennir landið í og við Sandgerði eru hinir fjölmörgu grjótgarðar sem liggja víða í landinu, sumir þeirra orðnir mjög signir og grasivaxnir, en aðrir meira sýnilegir. Mikið af þessum grjótgörðum eru þó horfnir. Eigendur garðanna seldu úr þeim grjótið þegar höfnin var byggð um 1930-1940. Við framkvæmdir ætti að reyna að láta þá garða sem eftir eru halda sér eins og hægt er, þar sem þeir gefa hugmynd um nýtingu túna og reita, og vitna um gamalt verklag þeirra sem hafa hlaðið þá.

Á all flestum þeim svæðum sem hinar gömlu hjáleigur Sandgerðis hafa verið, hefur orðið mikið umrót bæði vegna vegagerð og húsbygginga. Er því mikið af þeim minjum sem sýndar eru á túnakorti frá 1919, alveg horfnar þar á meðal kálgarðar og brunnar. Tveir brunnar eru þó staðsettir (5,10)
Það svæði sem hefur verið í kringum og austan við Krókskot (3, 4,5, 6) sem nú er Víkurbraut 15, ætti þó að að aðgæta vel ef einhverjar framkvæmdir verða þar. Landið þar er lítið hreyft og þar gætu verið hleðslur í jörðu.

Svæðið sem er austan við Sandgerðistjörn að Norðurgötu eru tóftir, (38,39,40, 41) en engar heimildir eru um þær. Tóftirnar eru mjög signar og óljósar og virðast vera mjög gamlar. Þessar tóftir gætu verið tóftir frá þeim hjáleigum sem ekki er vitað hvar hafa verið, að það eru hjáleigurnar Harðhaus, í Götu, Bakkabúð, og Helgakot. Ef eitthvað jarðrask verður á því svæði, eru þessar tóftir í hættu og þá þarf að athuga þær nánar. Það sama gildir um tóftir á Álfhól (27) .

Mög óljósar tóftir (50) eru austan við Norðurgötu, sitt hvoru megin við götuslóða sem liggur suður-norður rétt vestan við steyptar kofatóftir. Ef einhverjar framkvæmdir verða á þessu svæði þarf að gæta að þeim.

Heimreiðin(36) heim að Efra-Sandgerði(34) og tóft (37) við norð-vestur enda hennar eru í hættu, og ætti að taka fullt tillit til varðveislu vegna hússins Efra-Sandgerðis, heimreiðarinnar og tóftar sem heildar, ef einhverjar framkvæmdir eiga sér stað á þessu svæði.

Norðvestan við götuna Bjarmaland er Oddstóft (28) og vel varðveittur túngarður. Við einhverjar verklegar framkvæmdir þar ættu tóftin og túngarðurinn að vera óskert, og fá að varðveitast sem heild sem merki um liðna búskaparhætti.

Í norður frá Oddstóft er Gvendartóft (29) sem er fremur óljós og ekki eins vel varðveitt og Oddstóft, en við verklegar framkvæmdir ætti að taka tillit hennar.

Á skipulögðu nýju íbúðabyggingasvæði sem heitir Lækjarmót, og er austan Hlíðargötu og Holtsgötu að norðan eru ekki heimildir um neinar fornminjar og ekki fundust neinar við vettvangsathugun. Það sama gildir um byggingasvæði norð-austan Sandgerðisvegar. Þar er því lítil hætta vegna nýbygginga og/eða framkvæmda á byggingasvæðinu. Á svæði milli Víkurbrautar og Vesturgötu þar sem nú er verið að byggja upp þjónustu- og íbúðahúsnæði er ekki að finna neinar heimildir um fornminjar.

Þær fornminjar sem verið hafa nálægt og í kringum  höfnina eru flestar horfnar í uppfyllingu og er því lítil hætta á að þær hverfi eða verði fyrir skaða vegna framkvæmda á hafnarsvæðinu.

Að lokum er vísað til kafla um tilgang fornleifaskráningar á bls. 4-7.

# HEIMILDASKRÁ SANDGERÐIS

**Prentaðar heimildir**

1. Ari Gíslason. *Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði*. Örnefnastofnun. 1951-1958.
2. Árni Magnússon og Páll Vidalín. *Jarðabók. Þriðja bindi*. Kaupmannahöfn. 1923-1924, 54 – 62.
3. Gísli Brynjólfsson, séra. Reykjanesskagi vestan Selvogsgötu. Byggðir Suðurnesja. Sandgerði. *Árbók Ferðafélags Íslands*. 1984, 33.
4. Gunnar M. Magnúss. *Undir Garðsskagavita. Héraðssaga Garðs og Leiru*. Reykjavík.1963,.9-10, 248-249.
5. *Íslenzkt Fornbréfasafn* II, frá 1253- 1350. Kaupmannahöfn. 1893, 76-79.
6. J.Johnsens. *Jarðatal.* Kaupmannahöfn. 1847,87.
7. *Landnáma 1. bindi*, síðari hluti. Reykjavík. 1965, 392.
8. Magnús Grímsson. "Fornminjar á Reykjanesskaga". *Landnám Ingólfs I-III. Landnám Ingólfs, safn til sögu þess. Ýmsar ritgerðir II. bindi*. Reykjavík. 1936-40, 248-249.
9. Sigurður B. Sívertsen. "Sýslulýsingar og sóknarlýsingar, III b. Lýsing Útskálaprestakalls 1839". *Landnám Ingólfs I-III. Landnám Ingólfs, safn til sögu þess. Ýmsar ritgerðir II. Bindi.* Reykjavík. 1937-1938, 164.
10. *Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands 1919.

**Óprentaðar heimildir**

11. Loftur Altice Þorsteinsson og Bjarni Sveinsbjörnsson. Óútgefið rit: *Útvegsjörðin Krókskot í Miðneshreppi*. 2004

**Heimildarmenn við fornleifaskráninguna í Sandgerði.**

Guðfinnur G. Þórðarson byggingafulltrúi Sandgerðis (040447-3429)
Halldóra Ingibjörnsdóttir á Flankastöðum (241023-2579)
Reynir Sveinsson, Fræðasetri Sandgerðis ( 020648-4229)

# BÝJASKER - 181050-55

**Inngangur**
Land Býjaskers er hluti af Sandgerðisbæ í dag. Þessi fornleifaskráning í landi tekur til nyrsta hluta jarðarinnar Býjaskers. Hún nær að vegaslóða sem liggur að gamla bæjarstæði Býjaskers í suður og í norður þar sem land Sandgerðis og Býjaskers liggja saman. Í því landi liggur Bárugerði. Í austur takmarkast skráningin af Stafnesvegi og í vestur af sjávarkambinum og rétt vestur af honum.

Fornleifaskráningin var unnin í janúar til apríl 2004. Ekki hefur áður farið fram fornleifaskráning á skráningarsvæðinu.

Fornleifaskráning á vettvangi og skráning í Sarp sem er gagnagrunnur minjavörslu Fornleifaverndar ríkisins var gerð af Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðingi fil.mag. Vettvangsskráning fór fram daganna 16/3 og 23 /3 2004. Skráðar voru 16 fornminjar. Númeraðar frá 1-17 í landi Býjaskers.Teknar voru myndir og teiknaðir uppdrættir af þeim fornminjum sem fundust á skráningarsvæðinu og þær staðsettar með Gps hnitum.

Halldóra Ingibjörnsdóttir á Flankastöðum veitti leiðsögn um svæðið, og er henni þökkuð veitt aðstoð.

Fornleifaskráningin greinir frá athugunum og upplýsingum um hvern stað, hættumati og hættuorsök þar sem við á. Í niðurstöðum er greint frá hvar sérstaklega þarf að hafa gát á ef verklegar framkvæmdir verða á viðkomandi svæðum.

**Saga Býjaskers.**

Í Jarðabók. frá 1703 segir um Biarskier (Bæjarsker) að jarðadýrleiki á jörðinni sé óviss og hún tíundist engum Jörðin er í konungseign.
Ábúandinn Runólfur Þórðarson lögréttumaður. Landskuld 2 hundruðustu,
60 álnir greiðist með 14 vættum fiska í kaupstað á Básendum, eftir að það var legit út, en áður greitt heim til Bessastaða.
Við til húsabótar leggur ábúandi. Kúgildi eru fimm. Leigur greisðist með fiski í kaupstað. Kúgildið uppyngir ábúandinn fram að þessu, annars vonar hann að umboðsmaðurinn muni bæta upp það sem þarf að lóga sökum elli.
Kvaðir ummannslán um vertíð. Kvikfénaður er fjórar kýr og eitt ungneyti. Heimilsmenn eru átta.
Skóg til kolagerðar notar jörðin í almenningnum. Torfrista og stunga engin nema í sendinni jörðu valla nýtandi. Fjörugrastekja nokkur. Murukjarnar og söl eru notað sem gjaldmiðill.
Heimræði er árið um kring og lending slæm, önnur langt frá flæðihólma og þar fyrir utan bæði hættleg og erfið fyrir skip.Hér ganga skip ábúananda eftir hentugleikum. Tún ganga mjög af sér vegna sands og sjávargangs. Engjar eru engar. Land graslítið mestalt grjót og sandur.
Flæðihætta mikil. Eldiviðartak ekkert nema af fjöruþangi. Vatnsból slæmt og þrýtur stundum.
Býjasker er sagt hafa níu nafngreinadar hjáleigur og að auki tvær sem eru farnar í eyði fyrir löngu og nafn á þeim er ekki vitað. síðan.

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 segir.
Að Býjasker hafi 4 hjáleigur , dýrleiki sé 45 5/6, landskuld 1,110, kúgildi séu fimm og ábúandi einn leiguliði.
**Bárugerði** sem er sögð fjórða hjáleiga frá Biarskieri.(Bæjarsker).
Jarðadýrleiki er óviss. Ábúandinn Jón Sverrisson. Landskuld 50 álnir. Borgist með þremur vættum fiska í kaupstað eða til heimabóndans. Við til húsabótar leggur heimabóndinn. Kúgildi er eitt. Leigur borgist í fiski eða smjöri til heimabóndans. Kúgildið uppyngir heimabóndinn. Kvaðir eru mannslán árið um kring á skipti bóndans. Kvikfénaður eru tvær kýr, eitt hross. Hægt er fóðra eina kú og eitt ungneyti ríflega. Heimilismenn eru þrír og í þremur fjórðungum. Hjáleigumenn nýta sér fjöruna til eldiviðartaks og sölvatekju og hið sama murukjarna og önnur hlunnindi fjörunnar bæði til að næra sig og pening sinn.[9]

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 segir um Bárusker (Bárusgerði) að það sé hjáleiga frá Býjaskeri, og að sýslumaður telur eigi hjáleigurnar en prestur þær allar. Bárugerði er sagt greiða landskuls 0.60, kúgildi sé eitt, og ábúandi sé einn leiguliði. [10]

Býjasker er sagt að heiti Bæjarsker réttu nafni, og Landnáma hefur það "Bearsker" (Árb Fornl.fél - 1903). [11]

[9] Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1923-1924, 54-58.
[10] J.Johnsens. 1847, 87.
[11] Brynjúlfur Jónsson. 1903, 37.

# Fornleifaskráning fyrir Býjasker að hluta

## Býjasker 181050-55 - 1




*Mynd 1. B - 181050 55 –1. Horft til norðurs yfir grjóthleðslu Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*




*Teikn 1. B- 181050- 55 – 1. Garðlag.*

**Sérheiti:** Býjasker
**Hlutverk:** Grjóthleðsla
**Tegund:** Garðlag/grjót
**Staðsetning:** N: 64,1, 47,6000 (-64,02988889) V: 22, 42, 29,7000 (-22,70825000)
**Þvermál**: 0.70 m
**Hleðsluhæð:** 0.50 m
**Lengd**: 16 m
**Breidd:** 8 m
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Áfok**,** vegagerð
**Staðhættir**
Í norðvestur frá Býjaskeri rétt fyrir neðan bakka þar sem túnið endar.
**Lýsing**
Einhlaðinn grjótgarður sem er opinn til suðurs. Vesturhlið garðsins er tvöföld með grasi á milli. Rétt austan við garðinn er hlaðinn grjótgarður sem liggur suður-norður rétt neðan við sjávarkambinn.
**Heimildaskrá**
Vettvangskönnun 23/3 2004.

## Býjasker 181050-55 - 2




*Mynd 1. B - 181050 55 –2. Horft yfir garðhleðslu til norðurs. Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*




*Teikn 1. B - 181050- 55 – 2. Garðlag.*

**Sérheiti:** Býjasker
**Hlutverk:** Hleðsla
**Tegund:** Garðlag/grjót
**Staðsetning:** N: 64, 1, 48,9000 (-64,03025000) V: 22, 42, 28,4000 (-22,70788889)
**Þvermál:** 0.50 m
**Hleðsluhæð:** 0.70 m
**Lengd:** 10 m
**Breidd:** 10 m
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Áfok, vegagerð
**Staðhættir**
Í norðurhluta túnsins á Býjaskerjum, fyrir neðan sjávarkambinn norð-vestan við grjótgarð sem liggur í norður-suður eftir kambinum við enda túnsins.
**Lýsing**
Garðhleðslan er allt að því ferhyrnd með smá útskot við suðvesturhorn og annað við norð-vesturhorn garðsins sem er hlaðinn úr grjóti. Innan garðsins er grasivaxið. Garðurinn er nokkuð heillegur, en þó hefur hrunið aðeins úr honum.
**Heimildaskrá**
Vettvangskönnun 23/3 2004.

## Býjasker 181050-55- 3

**Sérheiti:** Býjasker

**Hlutverk**: Öskuhaugur
**Tegund:** Öskuhaugur
**Staðsetning:** N: 64, 1, 44,3000 (-64,02897222) V: 22, 42, 24,7000 (-22,70686111)
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Nýbygging, vegagerð
**Heimildamaður**: Halldóra Ingibjörnsdóttir
**Staðhættir**
Öskuhaugurinn er norðvestan í bæjarhólnum á Býjaskeri.
**Lýsing**
Þetta er grasivaxin brekka er um 4-5 á hæð, bílvegur, slóði liggur rétt austan í hólnum.
**Heimildaskrá**
Vettvangskönnun með Halldóru Ingibjörnsdóttir 23/3 2004.

## Býjasker 181050-55 - 4

**Sérheiti:** Býjasker
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** N: 64, 1, 47,5000 (-64,02986111) V: 22, 42, 21,1000 (-22,70586111)
**Horfin:** Já
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Nýbygging, vegagerð, trjárækt
**Staðhættir**
Norðan við tjörnina sem er í norðutúni á Býjaskeri. á smá hæð sem er mjög þúfótt.
**Lýsing**
Þarna er mjög óljós tófarbrot, og erfitt að greina þar sem landið er mjög þúfótt.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.

## Býjasker 181050 55 - 5

**Sérheiti:** Býjasker
**Hlutverk**: Brunnur
**Tegund:** Brunnur
**Staðsetning:** N: 64, 1, 45,8000 (-64,02938889) V: 22, 42, 26,6000 (-22,70738889)
**Þvermál:** 0,15 m
**Hleðsluhæð**: 0.70 m
**Lengd:** 1 m
**Breidd**: 1 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegagerð, nýbygging, trjárækt
**Staðhættir**
Brunnurinn er í miðju túni norður frá Bæjarhólnum á Býjaskeri
**Lýsing**

Brunnurinn er nú uppsteyptur.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.

## Býjasker 181050 55 - 6




*Mynd 2. B - 181050 55 –6. Horft til norðvesturs yfir fjárhústóft.Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*




*Teikn 2. B - 181050- 55 –6. Garðlag.*

**Sérheiti:** Býjasker
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** N: 64, 1, 45,1000 (-64,02919444) V: 22, 42, 19,4000 22,70538889)
**Þvermál:** 1-2 m
**Hleðsluhæð:** 1-2 m
**Lengd:** 17-18 m
**Breidd:**10-11 m
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegagerð, trjárækt, nýbygging
**Staðhættir**
Norðan við vegaslóða að Býjaskeri í túni sunnan við Bárugerði.
**Lýsing**
Tóftin er grasivaxin, en sér þó í grjóthleðslur, en vegir eru nokkuð heillegir. Í austurhluta tóftarinnar er veggjahæð um 2 m, en að vestan um 1 m. Bárujárnsþakið sem var á fjárhúsinum hefur hrunið yfir tóftina.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.

## Býjasker 181050 55- 7




*Mynd 3. B - 181050 55 –7 Horft til norðurs yfir tóftina. Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*




*Teikn 3. B - 181050- 55 – 7. Tóft.*

**Sérheiti:** Býjasker
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** N: 64,1, 45,3000 (-64,02925000) V: 22, 42, 16,1000 (-22,70447222)
**Þvermál:** 1-2 m
**Hleðsluhæð:** 1 m
**Lengd:** 8 m
**Breidd**: 5 m
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegagerð, trjárækt, nýbygging
**Staðhættir:**
Norðan við vegaslóða að Býjaskeri í túni sunnan við Bárugerði.
**Lýsing**
Tóftin er grasivaxin, en sést í hleðslur. Hún er opin í suður og er tvö hólf.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.

## Býjasker 181050 55 - 8



*Mynd 4. B - 181050 55 –8. Horft yfir kálgarð til vesturs. Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*

**Sérheiti:** Býjasker
**Hlutverk:** Kálgarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** N: 64, 1, 44,1000 (-64,02891667) V: 22, 42, 23,4000 22,70650000)
**Þvermál:** 1 m
**Hleðsluhæð:** 1.80 m
**Lengd:** 30 m
**Breidd:** 10 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök**: Vegagerð, trjárækt, nýbygging
**Staðhættir**
Norðan við vegslóða að gamla bæjarstæðinu á Býjaskeri.
**Lýsing**
Veggjahleðslur heilar, og grasivaxnar. Við vesturenda garðsins er steyptur veggur á hleðslugrjóti um 5 m langur í austur-vestur. Kálgarðurinn liggur neðar en landið í kring. Veggjahæð er allt að 1.80, þar af er um 0.50 m hærra en landið í kring. Í vesturenda kálgarðsins mótar fyrir hleðslum sem hafa veggjahæð um 0.40 m og veggjaþykkt um 1 m.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.

## Býjasker 181050 55 - 9




*Mynd 5. B - 181050 55 –9 Horft í norður yfir bæjarstæði Bárugerðis og túngarð. Bárugerði ber í hús í byggingu. fyrir miðri mynd.Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*

**Sérheiti:** Bárugerði
**Hlutverk**: Bústaður
**Tegund:** Heimild um torfbæ
**Staðsetning:** N: 64, 1, 49,2000 (-64,03033333) V: 22, 42, 14,1000 (22,70391667)
**Horfin:** Já
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegagerð, trjárækt, nýbygging
**Staðhættir**
Bárugerði er syðst í óbyggðu svæði milli Stafnesvegar og Miðtúns.
**Lýsing**
Árið 2003 var tyrft yfir torfbæinn Bárugerði vegna slysahættu, að fengnu samþykki Húsafriðunar.
Nú er þarna grasigróinn hóll sem hylur gamla bæinn..
**Aðrar upplýsingar**
Í Jarðabók segir um Biarskier (Bæjarsker) að jarðadýrleiki á jörðinni sé óviss og hún tíundist engum. Jörðin er í konungseign **Bárugerði** sem er sögð fjórða hjáleiga frá Biarskieri.(Bæjarsker). Jarðadýrleiki er óviss. Ábúandinn Jón Sveinsson. Landskuld 50 álnir. Borgist með þremur vættum fiska í kaupstað eða til heimabóndans. Við til húsabótar leggur heimabóndinn. Kúgildi er eitt. Leigur borgist í fiski eða smjöri til
heimabóndans. Kúgildið upplýsir heimabóndinn. Kvaðir eru mannslán árið um kring á skipi bóndans. Kvikfénaður eru tvær kýr, eitt hross. Hægt að fóðra eina kú, og eitt ungneyti ríflega. Heimilismenn eru þrír og einn að þremur fjórðungum. Allir hjáleigumennirnir nýta sér fjöruna til eldiviðartaks og sölvatekju og að auki murukjarna og önnur hlunnindi fjörunnar bæði til að næra sig og sem gjaldmiðil.
Í Jarðatali Johnsens frá 1847 segir um Bárusker (Bárugerði) að það sé

hjáleiga frá Býjaskeri, og að sýslumaður telur eigi hjáleigurnar en prestur þær allar. Bárugerði er sagt greiða landskuls 0.60, kúgildi sé eitt, og ábúandi sé einn leiguliði.

**Heimildaskrá**
Árni Magnusson Páll Vídalín. *Jarðabók. Þriðja bindi*. Kaupamannahöfn. 1923-1924, 54-57.
J.Johnsens. *Jarðatal*. Kaupmannahöfn. 1847, 87.

## Býjasker 181050 55 - 10




*Mynd 6. B - 181050 55 -10 Túngarður Bárugerðis, til vinstri á myndinni sést bunga þar var bærinn Bárugerði. Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*




*Teikn 4. B - 181050- 55 – 10. Garðlag.*

**Sérheiti:** Bárugerði

**Hlutverk**: Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** N: 64, 1, 48,7000 (-64,03019444) V: 22, 42, 15,5000 (-22,70430556)
**Þvermál:** 1 m
**Hleðsluhæð:** 1.50 m
**Lengd:** 35 m
**Breidd:** 13-17 m
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegagerð, trjárækt, nýbygging
/trjárækt
**Staðhættir**
Bárugerði er syðst á óbyggðu svæði milli Stefnisvegar og Miðtúns.
Túngarðurinn hefur legið sunnan við torfbæinn Bárugerði.
**Lýsing**
Túngarðurinn er grasivaxinn og heillegur, það sést í hleðslur utan á garðinum á suður og vesturhlið. Samkvæmt túnakorti frá 1919 hefur matjurtagarður verið innan garðsins. U.þ.b. frá miðju Bárugerði hefur verið slóði í gegnum túngarðinn, sem lá síðan austan við tjörnina í suður að Býjaskeri. Ekkert sést af þeim slóða í dag.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.

## Býjasker 181050 55 - 11




*Mynd 7. B - 181050 55 –11 Tóftin efst á myndinni, sem er fast við trjárækt sem er svört ræma í bakgrunni. Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*




*Teikn 5. B - 181050- 55 – 11. Tóft.*

**Sérheiti**: Bárugerði
**Hlutverk:** Tóft
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** N: 64, 1, 49,5000 (-64,03041667) V: 22, 42, 16,8000 (-22,70466667)
**Þvermál:** 1-.2 m
**Hleðsluhæð:** 1.50 m
**Lengd:** 12-13 m
**Breidd:** 6-7 m
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat**: Mikil hætta
**Hættuorsök:** Skógrækt, nýbyggingar
**Staðhættir**
Í um 15 m í vestur frá bæjarstæði Bárugerðis.
**Lýsing**
Tóftin er grasivaxin, hún er á smá hól. Í syðri hluta tóftarinnar er hringlaga niðurgröftur, um 0.80 m á hæð. Veggjahæð tóftarinnar er um 1.50 m.
**Aðrar upplýsingar**
Fast við vesturhlið tófarinnar hefur verið gróðursett um 2 m breitt trjábelti sem liggur við lóðamörk lóðanna sem eru austan megin við Miðtún.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.

## Býjasker 181050 55 -12




*Mynd 8. B - 181050 55 –12. Horft til austurs yfir tóftina. Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*




*Teikn 6. B - 181050- 55 – 12. Tóft.*

**Sérheiti:** Bárugerði
**Hlutverk:** Tóft
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** N: 64, 1, 46,5000 (-64,02958333) V: 22, 42, 9,6000 (-22,70266667)
**Þvermál**: 1 m
**Hleðsluhæð:** 0.80 m

**Lengd:** 5 m
**Breidd:** 5 m
**Ástand:** Slæmt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegagerð, trjárækt, nýbygging
**Staðhættir**
Vestan Stafnesvegar, niður af húsgrunni, þar liggur grjótgarður norður-suður, fast vestan við garðinn er tóftin.
**Lýsing**
Tóftin grjóthlaðin, mosa- og grasivaxin. Veggjahæð allt 0.40 m, niðurgröftur um 0.70 m, dyr í vestur. Hliðarveggir hafa hrunið inn í tóftina.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.

## Býjasker 181959 55 - 13

**Sérheiti:** Litla Bárugerði
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Heimild um bústað
**Staðsetning:** N: 64, 1, 49,5000 (-64,03041667) V: 22, 42, 9,8000 (-22,70272222)
**Horfin:** Já
**Hættumat:** Engin hætta
**Staðhættir**
Litla Bárugerði hefur staðið neðan við Gróðurstöðina Glitbrá sem er við Stafnesveg 22. Þar standa nú gróðurhús. Litla Bárugerði var síðan flutt þar sem nú er Stafnesvegur 20.
**Lýsing**
Litla Bárugerði er alveg horfið þar sem það stóð upphaflega.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands 1919.

## Býjasker 181050 55 - 14




*Mynd 9. B - 181050 55 –14.* Horft yfir kálgarð til vesturs. *Mynd Katrín Gunnarsdóttir.*

**Sérheiti:** Bárugerði
**Hlutverk:** Kálgarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** N: 64, 1, 47,4000 (-64,02983333) V: 22, 42, 28,7000 22,70797222)
**Þvermál:** 0.50-1 m
**Hleðsluhæð:** 0.50 m
**Lengd:** 50 m
**Breidd:** 13 m
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Nokkur hætta
**Hættuorsök:** Áfok, nýbyggingar
**Staðhættir**
Á sjávarkambinum í túni í suðvestur frá Bárugerði.
**Lýsing**
Hleðslur kringum garðinn eru fremur óljósar. Fast vestan við hann er grjóthleðslugarður sem liggur alveg við sjávarkambinn.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.

## Býjasker 181050 55 - 15

**Sérheiti:** Bárugerði
**Hlutverk:** Garður
**Tegund**: Garðlag
**Staðsetning:** N: 64,1, 46,2000 (-64,02950000) V: 22, 42, 13,7000 (-22,70380556)

**Þvermál**: 1 m
**Hleðsluhæð:** 0.60 m
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegagerð
**Staðhættir**
Grjótgarður þessi liggur á óbyggðu svæði fyrir vestan Stafnesveg bak við húsin nr. 24- 28, og er á landamerkujm Bárugerðis og Býjaskers. Þessi garður sameinast síðan öðrum garði sem liggur í suður yfir vegslóðann að Býjaskeri.
**Lýsing**
Grjóthlaðinn garður að einhverjum hluta grasigróinn, allt að 1 m í þvermál. Hleðsluhæð allt að 1 m.
**Heimildaskrá**
Loftmynd af Sandgerði frá árinu 2000.
Vettvangskönnun 16/3 2004.

## Býjasker 181050 55 - 16

**Sérheiti:** Bárugerði
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** N: 64, 1, 49,3000 (-64,03036111) V: 22, 42, 22,9000 (-22,70636111)
**Horfin:** Já, að mestu
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegagerð
**Staðhættir**
Við endann á götunni Miðtúni niður við sjávarkambinn á smá hæð sem er innan við girðingu í Báurgerðislandi.
**Lýsing**
Þarna eru mjög óljós merki um hleðslur.
**Heimildaskrá**
*Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.

## Býjasker 181050 55 -17

**Sérheiti:** Býjasker
**Hlutverk:** Garður
**Tegund**: Garðlag
**Staðsetning:** N: 64,1, 47,6000 (-64,02988889) V: 22, 42, 29,7000 (-22,70825000)
**Þvermál**: 0.50 m
**Hleðsluhæð:** 0.60 m
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Mikil hætta
**Hættuorsök:** Vegagerð
**Staðsetning:** Fyrir neðan sjávarkambinn, norð-vestur frá bæjarstæði Býjaskers.
**Lýsing:** Garðurinn liggur í smá beyjum í norður-suður með sjávarkambinum
**HEIMILDASKRÁ:** VETTVANGSKÖNNUN 16/32004.

# NIÐURSTÖÐUR

Númer í sviga í textanum svarar til númers í fornleifaskrá.

Á því svæði Býjaskers sem fornleifaskráningin var gerð á eru allmargar fornleifar mikið af þeim er á túnakorti sem er frá 1919. Sumar eru horfnar en aðrar eru en til staðar. Mikið af grjótgörðum liggja víðsvegar um svæðið, það eru bæði túngarðar og tveir ferningslaga garðar (1, 2) sem eru norð-vestan og neðan túnsins á Býjasker. Heimildir eru um Bárugerði (9) í Jarðabók 1703, það má því ætla að á því svæði sem túnakortið sýnir séu fornminjar sem geta verið allt frá þeim tíma eða eldri Ber því að gæta þar fyllstu varúðar við hverskonar framkvæmdir í landi Bárugerðis.

Við tóft (11) sem er vel sýnileg í norðvestur frá bæjarstæði Bárugerðis, hafa verið gróðursett tré alveg við tóftina, en gróðursettning trjáa á að vera í 20 m fjarlægð frá fornminjum, í þessu tilfelli tóft.

Öskuhaugur (3) Býjaskers stendur en á sínum stað og ætti að gæta vel að ef eitthvað jarðrask er fyrirhugað í eða við hann. Þar sem að öskuhaugar hafa að geyma margvíslegar upplýsingar um mannvist liðinna tíma.

Við framkvæmdir og /eða trjárækt á skráningarsvæðinu ætti að hafa það í huga að þarna hafi verið eða séu fornminjar og á að taka fullt tillit til þess.

Að lokum er vísað til kafla um tilgang fornleifaskráningar á bls. 4-7.

# HEIMILDASKRÁ BÝJASKERS

**Prentaðar heimildir**

(1) Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók. Þriðja bindi*. Kaupamannahöfn. 1923-1924, 54-57.
(2) Brynjúlfur Jónsson. "Rannsókn í Gullbringu og Árnsssýslu sumarið 1902". *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. 1903, 37.
(3) J.Johnsens. *Jarðatal*. Kaupmannahöfn. 1847, 87.
*(4) Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.

**Heimildarmenn við fornleifaskráningu Býjaskers**

Guðfinnur G. Þórðarson byggingafulltrúi Sandgerðis (040447-3429)
Halldóra Ingibjörnsdóttir á Flankastöðum (241023-2579)
Reynir Sveinsson, Fræðasetri Sandgerðis ( 020648-4229)

# FYLGISKJÖL FYRIR SANDGERÐI

## Fornleifalisti fyrir Sandgerði

Nr. í fornleifaskrá


Brunnur…………………………………………... 10
Brunnur ……………………………………….. 5
Bakkahúsið…………………………………….. 47
Bryggja………………………………………… 31
Búst

aður…………………………………..…… 1
Fjárhús…………………………………………. 22
Garðlag………………………………………… 43
Grunnur……………………………………….... 35
Heimreið………………………. ……………… 36
Hjáleiga………………………………………… 15
Hjáleiga………………………………………… 2
Hjáleiga ………………………………………... 16
Hjáleiga ………………………………………... 11
Hjáleiga………………………………………… 12
Hjáleiga………………………………………… 3
Hjáleiga……………………………….………. 7
Hjáleiga………………………………………… 13
Hjáleiga………………………………………… 9
Hleðsla,, ……………………………………….. 6
Hleðsla ………………………………..……….. 45
Huldufólk………………………………………… 24
Hús…………………………………………….. 34
Íhús…………………………………………….. 32
Kálgarður………………………………………… 50
Kálgarður……………………………………….. 21
Kálgarður……………………………………….. 4
Kálgarður ………………………………………… 8
Kálgarður ………………………………………… 18
Kálgarðu ………………………………………. 14
Lending…………………………………………… 23
Lýsisbræðsla…………………………………… 49
Mið…………………………………………….. 33
Skóli……………………………………..…….. 42
Stúkuhúsið………………………………………… 48
Stekkir………………………………………….. 25
Tóft…………………………………………….. 27
Tóft…………………………………………….. 37
Tóft…………………………………………….. 29
Tóft…………………………………………….. 26
Tóft……………………………………............. 46
Tóft…………………………………………….. 28
Tóft…………………………………………….. 38
Tóft…………………………………..……… 39
Tóft…………………………………………….. 40

Tóft………………………………………..……… 41
Tóft…………………………………………….. 44
Uppsalir………………………………………… 19
Varða…………………………………………… 30
Varphólmar…………………………………….. 51
Þurrabúð……………………………………….. 17
Þurrabúð……………………………………….. 20

## Ljósmyndaskrá

Mynd 1. S -181043 60 - 5
Mynd 2. S -181043 60 - 20
Mynd 3. S -181043 60 - 24
Mynd 4. S -181043 60 - 26
Mynd 5. S -181043 60 - 28
Mynd 6. S -181043 60 - 29
Mynd 7. S -181043 60 - 32
Mynd 8. S -181043 60 - 34
Mynd 9. S -181043 60 - 37
Mynd 10. S -181043 60 - 38
Mynd 11. S -181043 60 - 39
Mynd 12. S -181043 60 - 41
Mynd 13. S -181043 60 - 44
Mynd 14. S -181043 60 - 46

## Teikningaskrá

Teikn 1. S - 181043 60 - 25
Teikn 2. S - 181043 60 - 26
Teikn 3. S - 181043 60 - 27
Teikn 4. S - 181043 60 - 28.
Teikn 5. S - 181043 60 - 29
Teikn 6. S - 181043 60 - 35
Teikn 7. S - 181043 60 - 36
Teikn 8. S - 181043 60 - 37
Teikn 9. S - 181043 60 - 38
Teikn 10. S - 181043 60 - 39
Teikn 11. S - 181043 60 - 40
Teikn 12. S - 181043 60 - 41
Teikn 13. S - 181043 60 - 45
Teikn 14. S - 181043 60 - 45
Teikn 15. S - 181043 60 - 46
Teikn 16. S - 181043 60 - 50

# FYLGISKJÖL FYRIR BÝJASKER

## Fornleifalisti fyrir Býjasker

| | Nr. í fornleifaskrá |
|---|---|
| Brunnur | 5 |
| Bústaður | 13 |
| Fjárhús | 16 |
| Fjárhús | 16 |
| Garðlag | 15 |
| Garðlag | 17 |
| Grjóhleðsla | 1 |
| Grjóthleðsla | 2 |
| Kálgarður | 8 |
| Kálgarður | 14 |
| Torfbær | 9 |
| Tóft | 6 |
| Tóft | 7 |
| Tóft | 11 |
| Tóft | 12 |
| Túngarður | 10 |
| Öskuhaugur | 3 |

## Ljósmyndaskrá

Mynd 1. B - 181050 55 - 2
Mynd 2. B - 181050 55 - 6.
Mynd 3. B - 181050 55 - 7
Mynd 4. B - 181050 55 - 8
Mynd 5. B - 181050 55 - 9
Mynd 6. B - 181050 55 - 10
Mynd 7. B - 181050 55 - 11
Mynd 8. B - 181050 55 - 12
Mynd 9. B - 181050 55 - 14

## Teikningaskrá

Teikn 1. B - 181050 - 55 - 2
Teikn 2. B - 181050 - 55 - 6
Teikn 3. B - 181050 - 55 - 7
Teikn 4. B - 181050 - 55 - 10
Teikn 5. B - 181050 - 55 - 11
Teikn 6. B - 181050 - 55 - 12

**KORTASKRÁ**

Sandgerði 1 - staðsetning fornleifa á loftmynd
Sandgerði 2 - staðsetning fornleifa á loftmynd
Sandgerði 3 - staðsetning fornleifa á loftmynd
Sandgerði 4 - staðsetning fornleifa á loftmynd
Sandgerði 5 - staðsetning fornleifa á loftmynd




Sandgerði 1




Sandgerði 2




**Sandgerði 3**




**Sandgerði 4**




**Sandgerði 5**